



Reykjavík, 28. apríl 2026
MSS25020124

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Afgreiðsla tillagna stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna sem snúa að skóla- og frístundasviði

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. apríl 2026, ásamt bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. desember 2025 og skýrslu um tillögur stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, dags. 17. nóvember 2025:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki eftirtaldar sex tillögur frá stýrihópi, í skýrslu dags. 17. nóvember 2025, um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna: 1.1: Börn í viðkvæmri stöðu á leikskóla; 1.3.C: Innleiðing leiðsagnarnáms í alla grunnskóla í Reykjavík; 1.7: Nýsköpun í foreldrasamstarfi meðal foreldra og barna í fjórða bekk; 1.8: Efla félags- og tilfinningafærni í öllu starfi með börnum og ungmennum; 2.1: Sérþækt hópastarf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára í viðkvæmri stöðu og 2.4: Innleiða áfram tengsla- og áfallamiðaða nálgun með börnum og ungmennum. Lagt er að tillaga 2.3 um stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu verði samþykkt með þeirri breytingu að stuðningsteymi verði sett saman af starfsfólki sem þegar starfar hjá Reykjavíkurborg. Lagt er til að tillaga 1.3.B. um námskeiðið „Strákar spjalla“ í grunnskólum verði skoðuð í samhengi við afgreiðslu velferðarráðs á tillögu 1.3.A um þjálfun starfsfólks og markmið fræðslu fyrir námskeiðið „Strákar spjalla“ og jafnframt verði kostnaður skóla- og frístundasviðs vegna verkefnisins metinn og vísað til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027. Lagt er til að tillögu 1.2 um stuðning við Hinsegin félagsmiðstöð verði vísað til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2027 og jafnframt taki borgarstjóri upp viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og mennta- og barnamálaráðuneytið um sameiginlega fjármögnun verkefnisins. Lagt er til að tillögu 1.4 um stuðning við foreldra leikskólubarna verði vísað til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2027.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldi meðal og gagnvart börnum og ungmennum er ein af alvarlegustu áskorunum samtímans og kallar á skýr, samræmd og markviss viðbrögð af okkar



hálfu. Fulltrúar samstarfsflokka fylgja hér eftir tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, sem byggðu á ítarlegri greiningu, víðtæku samráði og mati á stöðu mála. Þessi nálgun snýr að forvörnum, snemmtækri íhlutun og hröðum viðbrögðum þegar vandi kemur upp. Tillögurnar sem samþykkt er að setja í framkvæmd núna styðja við farsæld barna og Betri borg fyrir börn. Jafnframt er lögð áhersla á að efla félags- og tilfinningafærni barna snemma, styrkja kynfræðslu og fræðslu um ofbeldi og verndandi þætti, í nánú samstarfi við foreldra. Sérstakt fagnaðarefni er tillaga um sértækt hópastarf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára í viðkvæmri stöðu og mun starfið fara fram í þeim fimm félagsmiðstöðvum þar sem þörfin er mest. Með þessari ákvörðun í dag er tillögum fylgt eftir af festu, þannig að þær leiði til raunverulegra og varanlegra umbóta.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar lýsir yfir ánægju með að verk stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna. Mikilvægasta samfélagsverkefni okkar er að börnin okkar séu örugg og geti um frjálst höfuð strokið í skólastarfinu öllu. Fulltrúi Framsóknar vill einnig benda á að nauðsynlegt er að vinna að forvörnum gegn ofbeldi gagnvart kennurum.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillögurnar eru vel unnar og aðgerðir skýrar. Framkvæmdastjóri fagnar því að sett verði áhersla á að innleiða þær og setja í framkvæmd.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er virkilega jákvætt að unnið sé að forvörnum og aðgerðum varðandi ofbeldi barna og ungmenna en sumt í skýrslunni kannast margir kennarar við að sé nú þegar í gangi í skólunum, t.d. leiðsagnarnám. Kennarar kalla hins vegar eftir skýrum verkferlum og viðbrögðum við ofbeldi. Verkferlum og viðbrögðum sem veita bæði nemendum og kennurum öryggi í skólanum. Slíkt er forvörn í sjálfu sér. Einnig þarf að skýra umtalsvert utanumhald um þriðja stigs mál. Ofbeldismál koma daglega upp í grunnskólum borgarinnar og afar mikilvægt að starfsfólk sé þjálfað í réttum viðbrögðum og líkamlegu inngripi sé þörf á því.

Virðingarfyllst,

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 17. apríl 2026

Skýrsla um tillögur stýrihóps, dags. 17. nóvember 2025



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 17. apríl 2026

MSS25020124

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um afgreiðslu tillagna stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna sem vísað var til skóla- og frístundaráðs

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki eftirtaldar sex tillögur frá stýrihópi, í skýrslu dags. 17. nóvember 2025, um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna: 1.1: Börn í viðkvæmri stöðu á leikskóla; 1.3.C: Innleiðing leiðsagnarnáms í alla grunnskóla í Reykjavík; 1.7: Nýsköpun í foreldrasamstarfi meðal foreldra og barna í fjórða bekk; 1.8: Efla félags- og tilfinningafærni í öllu starfi með börnum og ungmennum; 2.1: Sérstækt hópastarf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára í viðkvæmri stöðu og 2.4: Innleiða áfram tengsla- og áfallamiðaða nálgun með börnum og ungmennum.

Lagt er að tillaga 2.3 um stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu verði samþykkt með þeirri breytingu að stuðningsteymi verði sett saman af starfsfólki sem þegar starfar hjá Reykjavíkurborg.

Lagt er til að tillaga 1.3.B. um námskeiðið „Strákar spjalla“ í grunnskólum verði skoðuð í samhengi við afgreiðslu velferðarráðs á tillögu 1.3A um þjálfun starfsfólks og markmið fræðslu fyrir námskeiðið „Strákar spjalla“ og jafnframt verði kostnaður skóla- og frístundasviðs vegna verkefnisins metinn og vísað til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

Lagt er til að tillögu 1.2 um stuðning við Hinsegin félagsmiðstöð verði vísað til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2027 og jafnframt taki borgarstjóri upp viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og mennta- og barnamálaráðuneytið um sameiginlega fjármögnun verkefnisins.

Lagt er til að tillögu 1.4 um stuðning við foreldra leikskólabarna verði vísað til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2027.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. janúar 2026 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. desember 2025, þar sem tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna nr. 1.1, 1.2, 1.3B, 1.3C, 1.3D, 1.4, 1.7, 1.8, 2.1, 2.3, 2.4 var vísað til skóla- og frístundaráðs til frekari meðferðar. Jafnframt var lögð fram skýrslan *Tillögur stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna*, dags. 17. nóvember 2025.



Reykjavík



Á fundinum var samþykkt málsmeðferðartillaga þar sem sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að setja fram áætlun þar sem tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna verði forgangsraðað og aðgerðir tímasettar. Jafnframt var lagt til að vísa tillögu 1.3D til velferðarráðs en að tillagan verði unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið.

Tillögurnar sem lagt er til að verði samþykktar rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið hefur yfirfarið þær tillögur sem til sviðsins var vísað. Í meðfylgjandi skjali er að finna tillögur sviðsins að forgangsröðun tillagnanna og útfærslu.





Forgangsröðun á tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna



Forgangsröðun

- Verkefnum hér fyrir neðan er forgangsráðað í þeirri röð sem glærurnar birtast.
- Tillögur skóla- og frístundasviðs koma fremst.



Tillaga 2.1: Sérþækt hópastarf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára í viðkvæmri stöðu.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að samþykkja tillöguna. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að unnið verði að sérþæktu hópastarf fyrir miðstig í samstarfi grunnskóla, félagsmiðstöðva og miðstöðva. Starfið fer fram í fimm félagsmiðstöðvum þar sem þörfin er mest. Samhliða verður boðið upp á námskeið fyrir foreldra. Áhersla er lögð á að vinnan fari fram í nærumhverfi barnanna og sé leidd af þeim starfsmönnum sem þau þekkja og munu vinna áfram með þeim í daglegu starfi.

Aldurinn 10–12 ára getur verið krefjandi fyrir börn og vísbendingar eru um aukið einelti og ofbeldi í þessum hópi. Þetta má að líkindum rekja til þess að mörg þeirra hófu skólagöngu í COVID-faraldrinum og skortir þjálfun í félags- og tilfinningafærni.

Það hefur verið tilfallandi það sem hefur verið gert, nýttur hefur verið afgangspeningur vegna manneklu í frístundaheimilum

Kostnaður: 39,8 milljónir (í félagsmiðstöð þrjú starfsmenn í yfirvinnu í sex klst á viku í 10 mánuði - fimm hópar) ásamt (foreldrastarf tveir starfsmenn í yfirvinnu í þrjár klst einu sinni í mánuði 10 mánuði – fimm hópar).

Ábyrgð: Frístundaskrifstofa skóla- og frístundasviðs og miðstöðvar.

Tímamörk: 2027

Mælikvarði: Árangur er metinn með matsblöðum fyrir og eftir hópastarfið í samvinnu við mælikvarða frá HÍ.



Tillaga 1.2: Stuðningur við Hinsegin félagsmiðstöð.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að vísa tillögunni til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2027. Jafnframt er lagt til að borgarstjóri taki upp viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og mennta- og barnamálaráðuneytið um sameiginlega fjármögnun verkefnisins.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að tryggja áframhaldandi þjónustu og stuðning við hinsegin börn og ungmenni. Hinsegin börn og ungmenni eru viðkvæmur hópur sem er töluvert líklegri til að búa við slæma andlega og líkamlega heilsu heldur en gagnkynhneigð ungmenni á sama aldri. Rannsóknir sýna að þessi hópur er líklegri til að glíma við andlega vanlíðan og einangrun, erfiðleika í skólaumhverfi, aukna áhættu á vímuefnaneyslu og aukinn sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir. Félagsmiðstöð sem er sérstaklega ætluð hinsegin börnum og ungmennum gegnir lykilhlutverki í að stuðla að vellíðan, öryggi og heilbrigðum þroska þeirra. Með því að veita öruggt rými og félagslegan stuðning er hægt að draga úr áhættuþáttum og styrkja sjálfsmynd og seiglu þessa hóps.

Kostnaður: 20 milljónir til viðbótar við núverandi fjármagn til að hægt sé að halda úti óbreyttu þjónustustigi í vetur.

Heildarkostnaður er 30 milljónir á ári. Mikilvægt er að tryggja fast fjármagn í þessa starfsemi þvert á höfuðborgarsvæðið í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgð: Frístundaskrifstofa skóla- og frístundasviðs

Tímamörk: Febrúar 2026 og svo viðvarandi.

Mælikvarði: Aðsóknartölur í starfið, brotið upp eftir sveitarfélögum.



Tillaga 1.1: Börn í viðkvæmri stöðu á leikskóla.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að innleiðingarhópur um aukið öryggi og faglegt starf í leikskólum vinni þetta verkefni innan fjárhagsramma. Innleiðing er þegar hafin.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Innleiða skipulagt og markvisst fræðsluefni um ofbeldi fyrir allt starfsfólk leikskóla. Til að tryggja árangur er mælt með að ráða starfsmann í 100% stöðu í sex mánuði sem sér um innleiðingu fræðslunnar í alla leikskóla borgarinnar.

- *Fræðslan mun meðal annars fela í sér að starfsfólk þekki helstu vísbendingar um að ofbeldi hafi átt sér stað.*
- *Að leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við grun eða staðfestu um ofbeldi séu aðgengilegar sem og upplýsingar um verkferla og tilkynningarskyldu.*
- *Stofna þarf fagteymi til að styðja leikskóla í þessum málum.*
- *Gera þarf áætlun um kynfræðslu fyrir börn sem og aðra þætti sem stuðla að öryggi og velferð barna.*

Kostnaður: 6,6 milljónir (100% starf í 6 mánuði).

Ábyrgð: Leikskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs.

Tímamörk: Janúar – júní 2026.

Mælikvarði: Að allir leikskólar hafi innleitt fræðsluefni um ofbeldi í sínum skóla.



Tillaga 1.4: Stuðningur við foreldra leikskólabarna.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til vísa tillögunni til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2027. Jafnframt að skoðað verði hvort hægt er að aðlaga verkefnið þannig að kostnaður verði minni, s.s. með því að halda námskeið að morgni.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að uppeldisnámskeiðið Föruneysi barna, sem byggir á uppeldisráðgjöf leikskólakennara í viðkomandi leikskóla verði innleitt. Verkefnið er nú í tilraun í tveimur leikskólum í Reykjavík og hefur áður gefið góða raun á Akranesi. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) sér um þjálfun leikskólakennara fyrir verkefnið. Innleiðingu skal hefja í þeim leikskólum sem sinna viðkvæmustu barnahópunum. Sérstök áhersla skal lögð á að ná til foreldra af erlendum uppruna og tryggja að námsefnið sé aðlagð að þeirra þörfum, meðal annars með fræðslu um sérstöðu íslenskrar menningar. Menningarmiðlarar og/eða brúarsmiðir skulu veita aðstoð við þessa aðlögun. Eftirsóknarvert er að fá leikskólakennara með erlendan bakgrunn til þátttöku í verkefninu, þar sem það styrkir menningarnæmi og eykur traust í samskiptum við fjölbreyttan hóp foreldra.

Kostnaður: 9,1 milljón samtals fyrir 12 leikskóla (eftir þjálfun þarf tvo leikskólakennara í 4 tíma í 10 vikur í 12 leikskólum).

Ábyrgð: Leikskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs.

Tímamörk: Vor 2028. ***Mælikvarði:*** Að 12 leikskólar séu búnir að innleiða verkefnið vor 2028.



Tillaga 1.7: Nýsköpun í foreldrasamstarfi meðal foreldra og barna í fjórða bekk.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til að útfæra verkefnið og leggja áherslu á upphaf 5. bekkjar í stað 4. bekkjar. Að því loknu verði hægt að setja verkefnið inn í form fyrir forvarnaráætlanir skólasamfélaga, sem nú er í vinnslu.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að styrkja tengsl foreldrahópa og barna í fjórða bekk áður en þau hefja nám á miðstigi. Foreldrasamstarfið verður formgert m.a. með því að búa þarf til skýrt verklag þar sem umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í að stýra starfinu og styðja foreldra í samstarfi við frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Með þessu er tryggt að samstarf heimila og skóla verði markvissara og stuðli að jákvæðum samskiptum og vellíðan barnanna.

Kostnaður: Innan kostnaðarramma.

Ábyrgð: Grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og verkefnastjórar miðstöðva.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Að starfið sé komið inn í alla grunnskóla vorið 2028.



Tillaga 2.3: Stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að mynda stuðningsteymi fyrir börn á flóttu með mikla áfallasögu með starfsfólki sem þegar starfar hjá Reykjavíkurborg

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að stofnað verði stuðningsteymi þriggja starfsmanna (t.d. sálfræðingur, þroskaþjálfari, listþerapisti/listmeðferðarfræðingur eða atferlisfræðingur) sem vinnur innan skóla- og frístundastarfs með börnunum og styður starfsfólk í að mæta þeim á þeirra forsendum. Hlutverk þess verði að tryggja samfellu í skólagöngu, auka virkni og sporna við vanda í skólasókn.

Skólaganga barna sem hafa flúið stríð eða verið lengi á flóttu er oft rofin og þau bera gjarnan áfallasögu. Því er skólaganga þeirra frábrugðin skólagöngu annarra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Leik- og grunnskólar eru griðastaðir þessara barna og þurfa að mæta þeim af sérstakri alúð, næmni og festu. Áföll geta haft áhrif á námsgetu og hegðun, því er mikilvægt að skólarnir hafi verkfæri til að greina vandann og fá faglega ráðgjöf.

Kostnaður: 47,1 milljón fyrir þrjú stöðugildi.

Ábyrgð: Verkefnastjóri fjölmenningar skóla- og frístundasviðs í samvinnu við miðstöðvar og skóla- og frístundastarf borgarhlutanna.

Tímamörk: Að starfsmenn komi til starfa haustið 2026.

Mælikvarði: Að fleiri börn geti tekið þátt í almennu skólastarfi.



Pegar komiõ af staõ



1.3.B. Námskeiðið „Strákar spjalla“ í grunnskólum.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að þessi tillaga verði skoðuð í samhengi við afgreiðslu velferðarráðs á tillögu 1.3A um þjálfun starfsfólks og markmið fræðslu fyrir námskeiðið „Strákar spjalla“. Jafnframt að kostnaður vegna verkefnisins verði metinn og vísað til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: *Að drengjum í grunnskólum verði boðið uppá námskeiðið „Strákar spjalla“ eftir þörfum í samstarfi við grunnskóla, félagsmiðstöð og miðstöð, auk íþróttafélaga þegar það á við. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja handleiðslu fyrir þá sem halda námskeiðið, þannig að þeir hafi faglegan stuðning og verkfæri til að leiða samtöl um líðan, tilfinningar, fjölbreytileika og umburðarlyndi á uppbyggilegan hátt. (Sjá tillaga 1.3.A um þjálfun starfsfólks og markmið fræðslu)*

Kostnaður: *Innan fjárhagsramma.*

Ábyrgð: *Miðstöðvar, viðkomandi félagsmiðstöð og grunnskóli.*

Tímamörk: *Hefst haust 2026*

Mælikvarði: *Að þeim hópum sem eru í þörf fyrir námskeið standi það til boða.*



1.3.C. Innleiðing leiðsagnarnáms í alla grunnskóla í Reykjavík.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að haldið verði áfram við innleiðingu leiðsagnarmats sem er í fullum gangi.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að leiðsagnarnám verði innleitt í alla grunnskóla í Reykjavík þar sem reynslan sýnir að námsaðferðin hentar drengjum jafn vel og öðrum nemendum. Leiðsagnarnám byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem áhersla er lögð á valdeflingu nemenda í námi, þannig að þeir taki virkan þátt í eigin námsferli. Að hjálpa nemendum að finna tilgang og setja sér markmið í náminu og tengja það við sitt áhugasvið. Námsaðferðin býður nemandanum upp á mismunandi leiðir að markmiðunum, aðlagðar að þörfum og styrkleikum hvers nemanda. Kennarinn veitir leiðsögn og endurgjöf mjög reglulega. Leiðsagnarnám fellur vel að innra mati skóla og styður við gæði kennslu og námsárangur.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs.

Tímamörk: Viðvarandi.



Tillaga 1.8: Efla félags- og tilfinningafærni í öllu starfi með börnum og ungmennum

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að setja inn kennslufni um félags- og tilfinningafærni í form fyrir forvarnaráætlanir skólasamfélaga sem eru í vinnslu og áætlað er að verði tilbúna skólaárið 2026-2027. Spurt verður út í kennslu í félags- og tilfinningafærni í spurningavagni skóla- og frístundasviðs sem fer til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs vorið 2026 og verður niðurstöðurnar nýttar í þessari vinnu.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að innleitt verði gagnreynt kennslufni í öllu starfi með börnum og ungmennum. Félags- og tilfinningafærni er lykilþáttur í velferð barna og ungmenna. Hún stuðlar að samhygð, seiglu og hæfni til að takast á við áskoranir í daglegu lífi. Þetta felur í sér að kenna þarf félags- og tilfinningafærni í leikskólum, öllum bekkjum grunnskóla og í frístundastarfi. Það þarf einnig að vera hluti af námsefni í allri fræðslu og námskeiðum sem eru ætluð börnum og ungmennum. Markmiðið er að tryggja að félags- og tilfinningafærni verði samþættur hluti af uppeldi og menntun, þannig að börn og ungmenni fái tækifæri til að þróa hæfni sem nýtist þeim bæði í skóla og í lífinu almennt.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Yfirmenn starfsstaða sem vinna með börnum.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Betri líðan og minna ofbeldi skv. könnun Íslenskra æskulýðsrannsóknna.



Tillaga 2.4: Innleiða áfram tengsla- og áfallamiðaða nálgun með börnum og ungmennum.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að halda áfram innleiðingu tengsla- og áfallamiðaðrar nálgunar með börnum og ungmennum.

Tillaga stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna:

Markmið: Að eftirfarandi gagnreynd verkefni og nálgun í starfi verði innleidd til að viðhalda fagþekkingu í starfi með börnum og ungmennum til að mæta þeim áskorunum sem þau standa frammi fyrir. Með því er samræmd þjónusta tryggð fyrir börn í viðkvæmri stöðu, svo sem fötluð börn, börn með hegðunarvanda, börn sem hafa orðið fyrir áföllum og börn á flóttu. Innleiðing felur í sér eftirfarandi verkefni:

- Signs of safety hjá ráðgjöfum á miðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur, nálgunin felur í sér að virkja foreldra og fjölskyldu í lausnaleit, skilgreina öryggi barnsins og kennir fjölskyldunni að nota skýr verkfæri.
- Solihull er í innleiðingu hjá Keðjunni og byggir á að efla tengsl og skilning á milli foreldra og barna.
- Heillaspor er verið að innleiða í tveimur tilraunaskólum í Reykjavík, með áherslu á að styrkja félags- og tilfinningafærni barna.
- Áhugahvetjandi samtal er samtalsaðferð sem nýtist öllum starfsmönnum sem vinna með börnum til að efla innri áhugahvöt og jákvæð samskipti.
- ACE listi er verkfæri til að greina hvort barn hafi orðið fyrir áfalli og meta þörf fyrir stuðning.

Innleiðingin er tímafrek og verður tímasett í framkvæmdaráætlun BBB.

Kostnaður: Innan kostnaðarramma.

Ábyrgð: Verkefnastjórar Betri borgar fyrir börn.

Tímamörk: Janúar 2026 – 2030.

Mælikvarði: Aukinn fjöldi starfsmanna sem hafa þekkingu á að takast á við vanda barna í viðkvæmri stöðu með áfallamiðaðri nálgun.



Reykjavík



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 18. desember 2025

MSS25020124

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 16.12.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, sbr. 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. nóvember (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflakks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna)

Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 24. nóvember 2025, varðandi skýrslu stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, sbr. 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflakks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldi meðal og gagnvart börnum og ungmönnum er ein af alvarlegustu áskorunum samtímans og kallar á skýr, samræmd og markviss viðbrögð. Borgarstjórn fagnar framlagningu skýrslu stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, sem byggir á ítarlegri greiningu, víðtæku samráði og mati á stöðu mála. Með tillögunum er lögð áhersla á heildstæða nálgun í forvörnum, snemmtæka íhlutun og viðbrögð þegar vandi er kominn upp, ásamt úrræðum fyrir flókin og alvarleg mál. Sérstök áhersla er lögð á börn og ungmenni í áhættuhópum, með barnvænni og áfallamiðaðri nálgun, samþættri þjónustu og auknu samstarfi milli kerfa. Tillögurnar styðja við farsæld barna, Betri borg fyrir börn og verkefnið Saman gegn ofbeldi, og leggja áherslu á gagnadrifna stefnumótun, skýrar boðleiðir og mælanlegan árangur. Jafnframt er lögð áhersla á að efla félags- og tilfinningafærni barna snemma, styrkja kynfræðslu og fræðslu um ofbeldi og verndandi þætti, í nánú samstarfi við foreldra. Borgarstjórn undirstrikar mikilvægi þess að tillögunum verði forgangsraðað, þær fjármagnaðar og þeim fylgt eftir af festu, þannig að þær leiði til raunverulegra og varanlegra umbóta.

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar fagnar góðum tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna. Hér er um að ræða margar góðar og þarfar tillögur sem kosta 187 milljónir kr. sem gera 251 milljón kr. á ársgrundvelli. Þetta eru miklir fjármunir sem þarf að halda vel utan um ef af verður. Borgarfulltrúi Viðreisnar hvetur til þess að dreginn verði fram sameiginlegur vettvangur sem



Reykjavík



heldur utan um verkefni sem snýr að verkefnum barna og ungmenna. Veruleg áhætta er falin í því að svona margar tillögur þynnist út í daglegum verkefnum út á sviðum og skrifstofum borgarinnar. Mikilvægt er að samræmingarvettvangur fái þá umgjörð og heimild til að samhæfa og stýra verkefninu. Einnig leggur Viðreisn áherslu á að verkefnið verði unnið í nærumhverfi barna og foreldra þeirra.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 24. nóvember 2025

MSS25020124

Skýrsla stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa hjálögðum tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna til eftirfarandi meðferðar:

Tillögum 1.1, 1.2, 1.3B, 1.3C, 1.3D, 1.4, 1.7, 1.8, 2.1, 2.3, 2.4, verði vísað til skóla- og frístundaráðs til frekari meðferðar.

Tillögum 1.3A, 1.5B, 1.6A, 1.6, 2.2 og 3 verði vísað til velferðarráðs til frekari meðferðar.

Tillögu 1.5A verði vísað til mannauðs- og starfsumhverfissviðs til frekari meðferðar.

Sviðin hafi samráð sín á milli og við aðra viðeigandi aðila þar sem þess er þörf.

Fjármögnun á einstökum verkefnum tekur mið af fjárhagsáætlun viðkomandi sviða hverju sinni.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstóri

Hjálagt:

Skilabréf stýrihóps – Skil stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, dags. 17.11.2205.

Skýrsla með tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna, með fylgiskjölum dags. 17.11.2025.



Reykjavík



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 17. nóvember 2025

MSS 25020124

Skil stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna

Stýrihópurinn hefur nú lokið störfum og meðfylgjandi er skýrsla ásamt tillögum en erindisbréf stýrihóps var samþykkt á fundi borgarráðs þann 10. júlí 2025.

Hlutverk hópsins var að setja fram tillögur um það hvernig unnið skuli heildstætt gegn ofbeldi sem beinist að börnum og ungu fólki.

Vinna skv. erindisbréfi fólst m.a. í því að samkvæmt erindisbréfi að kynna sér kortlagningu á þeim verkefnum sem borgin sinnir gegn ofbeldi, gera tillögur að því hvernig best megi vinna með þeim/meðferð sem beita börn og ungmenni ofbeldi og greina hvort og þá hvernig megi auka samstarf á milli aðila bæði innan og utan borgar með það að augnamiði að bæta þjónustu við börn og ungmenni sem eru beitt ofbeldi.

Óskað er eftir að skil stýrihópsins verði lögð fram á fundi borgarráðs.

Virðingarfyllst,
Sabine Leskopf formaður stýrihóps

Hjálagt:
Skýrsla um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna

Reykjavíkurborg

Tillögur stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna

17. nóvember 2025



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stýrihópurinn og vinna hans	3
SVÓT greining.....	4
Styrkleikar.....	4
Veikleikar.....	4
Ógnanir.....	4
Tækifæri	5
Mögulegar aðgerðir til að bæta stöðu barna og ungmenna eftir efnisflokkum	5
Fræðsla og snemmtæk íhlutun	5
Úrræði og þjónusta	5
Mannauður og fjölbreytileiki	5
Samstarf og samþætting.....	6
Foreldrasamstarf og samfélagsleg þátttaka	6
Gagnadrifin stefnumótun og nýsköpun.....	6
Virgni og aðgengi	6
Samantekt	7
Tillögur.....	8
1. Forvarnir og vinna á fyrsta stigi.....	8
Tillaga 1.1 Börn í viðkvæmri stöðu á leikskóla.....	8
Tillaga 1.2 Stuðningur við Hinsegin félagsmiðstöð.....	8
Tillaga 1.3. Stuðningur við drengi í viðkvæmri stöðu.....	9
1.3.A. Þjálfun lykilaðila sem vinna með börnum og ungmennum.....	9
1.3.B. Námskeiðið „Strákar spjalla“ í grunnskólum.....	9
1.3.C. Innleiðing leiðsagnarnáms í alla grunnskóla í Reykjavík.....	9
1.3.D. Markviss kynning á jaðaríþróttum.....	10
Tillaga 1.4: Stuðningur við foreldra leikskólabarna.....	10
Tillaga 1.5: Auka hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna í vinnu með börnum og ungmennum í borginni.....	10
1.5.A. Fjölbreyttur starfsmannahópur.....	10
1.5.B. Ráðning menningarmiðlara á miðstöðvar.....	11
Tillaga 1.6: Auka virkniúrræði fyrir NEET hópin.....	11
1.6.A. Aukið framboð fyrir ungmenni utan skóla og vinnu – vinnuhópur.....	11
1.6.B. Tryggja sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu.....	11
Tillaga 1.7: Nýsköpun í foreldrasamstarfi meðal foreldra og barna í fjórða bekk..	12
Tillaga 1.8: Efla félags- og tilfinningafærni í öllu starfi með börnum og ungmennum.....	12



2. Viðbragð - vinna á öðru stigi.....	12
Tillaga 2.1: Sérþækt hópastarf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára í viðkvæmri stöðu.	12
Tillaga 2.2: Úrræði fyrir börn sem beita ofbeldi.....	13
Teymi til að vinna með bekkjarmenningu og foreldrahópinn.....	13
Tillaga 2.3: Stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu.....	13
Tillaga 2.4: Innleiða áfram tengsla- og áfallamiðaða nálgun með börnum og ungmennum.....	14
3. Meðferð – vinna á þriðja stigi.....	14
Tillaga 3.1: Bregðast við áhættuhegðun ungmenna fyrr.....	14
Viðauki.....	15



Inngangur

Stýrihópur um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna var skipaður skv. erindisbréfi borgarstjóra, dagsett 10. júlí 2025.

Hlutverk stýrihópsins var að setja fram tillögur um það hvernig unnið skuli heildstætt gegn ofbeldi sem beinist að börnum og ungu fólki.

Verkefni stýrihópsins voru samkvæmt erindisbréfi að:

- Kynna sér kortlagningu á þeim verkefnum sem borgin sinnir gegn ofbeldi.
- Gera tillögur að því hvernig best megi vinna með þeim/meðferð sem beita börn og ungmenni ofbeldi. Hér er átt við bæði fullorðna og börn.
- Greina hvort og þá hvernig megi auka samstarf á milli aðila bæði innan og utan borgar með það að augnamiði að bæta þjónustu við börn og ungmenni sem eru beitt ofbeldi.
- Greina hvort tillögurnar hafi kostnað í för með sér og ef svo er kostnaðarmeta þær í samvinnu við fjármálaráðgjafar borgarinnar.
- Gera jafnréttismat á tillögum byggt á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Stýrihópurinn og vinna hans

Stýrihópurinn skipaðu:

Sabine Leskopf, Samfylkingunni, formaður

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Sósíalístaflokknum

Einar Þorsteinsson, Framsókn

Starfsmaður hópsins var Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 31.07.2025 til 12.11.2025 og fundaði 16 sinnum á þeim tíma.

Einnig var óskað eftir samvinnu bakhóps sem samanstóð af skrifstofustjórum Skóla og frístundasviðs, (SFS) skrifstofustjóra ráðgjafarþjónustu velferðarsviðs (VEL,) framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur og verkefnastjóra Betri borgar fyrir börn (BBB).

Stýrihópurinn leitaði til ýmissa aðila eftir þeirra innsýn í málaflokkinn, hugmyndum og ráðgjöf.

Á fundi stýrihóps komu skrifstofustjórar SFS, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu VEL, verkefnastjórar BBB og farsældar barna, starfsmenn frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóra, verkefnastjóri Flotans, sérfræðingur SFS í málefnum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, Forvarnateymi Reykjavíkurborgar, deildarstjóri Hins Hússins og mannréttinda- og fræðslustjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur ÍBR. Jafnframt komu deildastjórar og teymisstjórar barna- og fjölskyldudeildar miðstöðva og kynntu fyrir hópnum hvernig málefni einstaklinga og fjölskyldna eru unnin. Stýrihópurinn fór einnig á fund Reykjavíkurráðs ungmenna og heimsótti verkefnastjórnir BBB á öllum miðstöðvum.

Auk þess skoðaði hópurinn ýmis fyrirliggjandi tölfræðigögn, skýrslur er snúa að ofbeldi barna og kynnti sér margs konar verkefni sem tengjast málaflokknum.



SVÓT greining

SVÓT greining var gerð í framhaldi af þeim upplýsingum sem aflað var.

Styrkleikar

- Sterkt og vaxandi samstarf milli skóla, félagsmiðstöðva, velferðarkerfis, barnaverndar og lögreglu.
- Virkt vettvangsstarf og góð tenging við ungmenni í félagsmiðstöðvum og í borgarhlutunum.
- Fjölbreytt frístundastarf og sértæk verkefni sem ná til ólíkra hópa.
- Foreldrasamstarf og grasrótastarf veita innsýn og tengingu við raunveruleikann.
- Fyrirmyndir og brúarsmiðir úr sama menningarheimi virka vel til að tengja við börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra.
- Sterk vitund um mikilvægi forvarna og snemmtækrar íhlutunar.
- Áhugi á nýtingu stafrænnar tækni og samfélagsmiðla til að ná til barna og ungmenna.

Veikleikar

- Skortur á úrræðum fyrir börn í þriðja stigs þjónustu og fyrir börn í áhættuhegðun.
- Skortur á samhæfingu, gagnasöfnun um ofbeldisatvik og yfirsýn yfir þjónustu og úrræði.
- Vantraust og skömm meðal foreldra sem þurfa aðstoð, sérstaklega foreldra af erlendum uppruna.
- Félagsmiðstöðvar og íþróttafélög ná ekki til allra hópa þar sem aðgengi og kostnaður hindrar þátttöku.
- Skortur á fjármagni og stöðugildum á miðstöðvum, í forvarnarstarfi og nýjum verkefnum.
- Ósamræmd innleiðing farsældar milli borgarhluta og samþættingar milli skóla og þjónustu, t.d. hvar fara viðtölin fram, í skólanum eða á heimilinu eða hvernig nálgast miðstöðvar fólk frá fjölbreyttum menningarbakgrunni.
- Skortur á kynfræðslu og fræðslu um ofbeldi í skólum og leikskólum.
- Ofbeldi fylgja ekki afleiðingar og vantar að bregðast við atvikum strax.

Ógnanir

- Aukning í ofbeldi, kynferðislegri áhættuhegðun og normalisering skaðlegrar hegðunar.
- Skaðleg áhrif samfélagsmiðla og minnkandi samvera með foreldrum.
- Félagsleg einangrun og jaðarsetning barna og ungmenna, sérstaklega barna og ungmenna af erlendum uppruna.
- Vantraust og skömm hindrar foreldra í að þiggja aðstoð.
- Skortur á fjármagni og stöðugildum getur leitt til niðurskurðar í mikilvægum verkefnum.
- Skortur á samræmdri þjónustu og yfirsýn yfir málaflokkinn.
- Börn og foreldrar með áfallasögu festast í kerfinu án viðeigandi úrræða.
- Skortur á menningarnæmi í samfélaginu og í kerfinu. Nauðsynlegt er að huga betur að inngildingunni.



Tækifæri

- Auka fræðslu snemma í skóla- og tómstundastarfi um félagsfærni og samkennd.
- Þróa og fjármagna úrræði fyrir börn í áhættuhegðun og ungmenni utan skóla sem og þriðja stigs úrræði.
- Ráða starfsfólk af fjölbreyttum menningarbakgrunni sem tengiliði og fyrirmyndir.
- Efla foreldrafærni og þátttöku í gegnum markviss verkefni og samtal, efla traust og foreldrasamstarf í bekkjarstarfi og skólaumhverfi.
- Nýta stafrænar lausnir og samfélagsmiðla til að miðla forvarnarskilaboðum.
- Samræma verklag og samþættingu milli skóla, félagsmiðstöðva, miðstöðva og heilbrigðiskerfisins.
- Nýta gögn og greiningar til að forgangsraða úrræðum og fjármagni.

Mögulegar aðgerðir til að bæta stöðu barna og ungmenna eftir efnisflokkum

Fræðsla og snemmtæk íhlutun

- Auka formlega fræðslu um verndandi þætti og félags- og tilfinningafærni snemma í skóla- og frístundastarfi.
- Vinna áfram að kynfræðslu og fræðslu um ofbeldi og afleiðingar.
- Skima fyrir áfallatengdum vanda og bregðast skýrt við.
- Þróa og fjármagna fræðsluefni um rétt viðbrögð við ofbeldi.
- Þjóða upp á aldurskipta rafræna uppeldisfræðslu fyrir foreldra og texta með fjölbreyttum tungumálum.
- Þjóða upp á fræðslu um verndandi þætti fyrir foreldra og stuðning við foreldrahópa þegar upp kemur vandi í hverfinu eða árgangi.
- Tryggja að þekking og fræðsla um fötlun barna sé til staðar þar sem unnið er með börnum.

Úrræði og þjónusta

- Þróa og fjármagna úrræði fyrir börn í áhættu og ungmenni utan skóla sem og þriðja stigs úrræði.
- Auka sértæk úrræði fyrir miðstig (10–12 ára).
- Þróa barnvæna réttarvörslu og „safe space“ fyrir ungmenni í vanda.
- Nýta verkferla farsældar barna, BBB og þjónustustigin betur, tryggja flæði og staðsetningu úrræða.
- Efla áfallamiðaða nálgun og innleiða áfallanæmar stofnanir.

Mannauður og fjölbreytileiki

- Þjálfar og ráða fleiri starfsmenn af erlendum uppruna og fjölbreyttum menningarbakgrunni.
- Þjálfar starfsfólk í áfallavinnu, menningarnæmi og vinnu með þeim sem beita ofbeldi.
- Fjölga fyrirmyndum og verkefnum sem drengir geta samsamað sig við.
- Virkja starfsfólk af erlendum uppruna sem tengiliði og fyrirmyndir.



Samstarf og samþætting

- Efla samstarf milli hverfa, sveitarfélaga, heilbrigðiskerfis og menntakerfis, í gegnum verkferla farsældar barna og BBB ásamt samræmdu verklagi samstarfsyfirlýsingar borgarinnar um börn í viðkvæmri stöðu .
- Nýta samræmt verklag farsældar barna og BBB. Samræma verklag og samþættingu milli skóla og miðstöðva svo sem skýra ferla og ábyrgð.
- Þróa „dag barnsins“ samfellu skóla- og frístundastarfs, t.d. fyrir börn á miðstigi.
- Nýta leikskóla sem vettvang til að ná snemma til foreldra

Foreldrasamstarf og samfélagsleg þátttaka

- Efla foreldrafærni og þátttöku í gegnum markviss verkefni og samtal, efla traust og foreldrasamstarf í einstökum bekkjum og skólum í heild.
- Auka þátttöku foreldra í skóla- og frístundastarfi.
- Byggja upp traust og öryggi með gagnsæi og virkri þátttöku foreldra.
- Þjóða upp á fjölbreytta fræðslu og samtal við foreldra, ekki bara námskeið.

Gagnadrifin stefnumótun og nýsköpun

- Nýta gögn og greiningar til að forgangsraða úrræðum og fjármagni.
- Efla greiningar á rannsóknum og lykiltölum og fá krosskeyrslur til að skilja betur hvað virkar.
- Nýta stafrænar lausnir til að bæta skráningu og samvinnu.
- Nýta samfélagsmiðla og áhrifavalda til að miðla forvarnaskilaboðum.

Virgni og aðgengi

- Þróa og fjármagna verkefni sem virkja ungmenni í jákvæðri virkni.
- Auka opnunartíma og sértækt starf í félagsmiðstöðvum.
- Tryggja fjármagn í Hinsegin félagsmiðstöð.
- Efla og fjármagna verkefni sem þegar eru í gangi og gefa góðan árangur, í stað þess að búa til ný.
- Nýta íþróttir sem forvarnarvettvang, tryggja aðgengi og þátttöku allra hópa.



Samantekt

Tækifæri til eflingar forvarna og velferðar barna og ungmenna felast í aukinni fræðslu, snemmtækri íhlutun og þróun úrræða sem mæta fjölbreyttum þörfum. Það má gera með því að efla kynfræðslu, fræðslu um ofbeldi og verndandi þætti, bæði fyrir börn og foreldra, ásamt því að styrkja félags- og tilfinningafærni snemma. Þjónusta og úrræði þurfa að ná til barna í áhættuhópum og ungmenna utan skóla, með áherslu á barnvæna og áfallamiðaða nálgun. Fjölbreyttur mannauður og menningarnæmi styrkir tengingu við ólíka hópa og mikilvægt er að virkja fyrirmyndir og tengiliði af erlendum uppruna. Samstarf milli kerfa og samþætting þjónustu tryggir samfellu og skýr ferli en virk þátttaka foreldra og samfélagsins eykur traust og árangur. Gagnadrifin stefnumótun og nýsköpun, ásamt aukinni virkni og aðgengi að jákvæðum vettvangi eins og íþróttum og félagsmiðstöðvum, styður við heildræna nálgun í forvörnum.

Vert er að hafa í huga að í dag er unnið skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna krefjast nýrra vinnubragða í samstarfi þeirra sem veita börnum og fjölskyldu þjónustu innan sem utan sveitafélaga og ríkis. Innleiðing á verkefninu Betri borg fyrir börn (BBB) í Reykjavík er liður í breyttum vinnubrögðum þar sem lögð er áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Meginmarkmiðið er að samhæfa og bæta þjónustu við börn og fjölskyldur í borginni. Með Betri borg fyrir börn er einnig lögð áhersla á að bæta og auka stuðning við stjórnendur og starfsfólk starfseininga sem tilheyra BBB eins og leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva, miðstöðva og barnaverndar. Sem hluti af innleiðingunni hafa samræmdir verkferlar verið mótaðir þvert á öll þjónustustigin þrjú með því markmiði að stuðla að aukinni snemmtækri þjónustu og skilgreina betur hlutverk, verkefni og ábyrgð hvers þjónustustigs fyrir sig í takt við farsældarlögin.

Unnið er að ýmsum aðgerðum í dag innan borgarkerfisins til að bæta stöðu barna og ungmenna. Eftirtaldir tillögur eru þær sem stýrihópnum þótti brýnastar.



Tillögur

Tillögum er raðað í forgangs röð innan hvers stigs.

1. Forvarnir og vinna á fyrsta stigi.

Tillaga 1.1 Börn í viðkvæmri stöðu á leikskóla.

Markmið: Innleiða skipulagt og markvisst fræðsluefni um ofbeldi fyrir allt starfsfólk leikskóla. Til að tryggja árangur er mælt með að ráða starfsmann í 100% stöðu í sex mánuði sem sér um innleiðingu fræðslunnar í alla leikskóla borgarinnar.

Fræðslan mun meðal annars fela í sér að starfsfólk þekki helstu vísbendingar um að ofbeldi hafi átt sér stað. Að leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við grun eða staðfestu um ofbeldi séu aðgengilegar sem og upplýsingar um verkferla og tilkynningarskyldu. Stofna þarf fagteymi til að styðja leikskóla í þessum málum. Gera þarf áætlun um kynfræðslu fyrir börn sem og aðra þætti sem stuðla að öryggi og velferð barna.

Kostnaður: 6,6 milljónir (100% starf í 6 mánuði).

Ábyrgð: Leikskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs..

Tímamörk: Janúar – júní 2026.

Mælikvarði: Að allir leikskólar hafi innleitt fræðsluefni um ofbeldi í sínum skóla.

Tillaga 1.2 Stuðningur við Hinsegin félagsmiðstöð.

Markmið: Að tryggja áframhaldandi þjónustu og stuðning við hinsegin börn og ungmenni. Hinsegin börn og ungmenni eru viðkvæmur hópur sem er töluvert líklegri til að búa við slæma andlega og líkamlega heilsu heldur en gagnkynhneigð ungmenni á sama aldri. Rannsóknir sýna að þessi hópur er líklegri til að glíma við andlega vanlíðan og einangrun, erfiðleika í skólaumhverfi, aukna áhættu á vímuefnaneyslu og aukinn sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir. Félagsmiðstöð sem er sérstaklega ætluð hinsegin börnum og ungmennum gegnir lykilhlutverki í að stuðla að vellíðan, öryggi og heilbrigðum þroska þeirra. Með því að veita öruggt rými og félagslegan stuðning er hægt að draga úr áhættuþáttum og styrkja sjálfsmynd og seiglu þessa hóps.

Kostnaður: 20 milljónir til viðbótar við núverandi fjármagn til að hægt sé að halda úti óbreyttu þjónustustigi í vetur.

Heildarkostnaður er 30 milljónir á ári. Mikilvægt er að tryggja fast fjármagn í þessa starfsemi þvert á höfuðborgarsvæðið í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgð: Frístundaskrifstofa skóla- og frístundasviðs

Tímamörk: Febrúar 2026 og svo viðvarandi.

Mælikvarði: Aðsóknartölur í starfið.



Tillaga 1.3. Stuðningur við drengi í viðkvæmri stöðu.

1.3.A. Þjálfun lykilaðila sem vinna með börnum og ungmennum.

Markmið: Að stuðningur við drengi í viðkvæmri stöðu verði eflur með því að þjálfa starfsfólk sem vinnur með drengjum í grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum til að vera jákvæðar fyrirmyndir. Markmiðið er að auka færni starfsfólks í að ræða við drengi um líðan, tilfinningar og viðhorf til lífsins á opinn og virðingarfullan hátt. Í þessu felst að bjóða upp á námskeiðið „*Strákar spjalla*“ fyrir fyrrgreindan hóp. Námskeiðið veitir verkfæri til að ræða erfið málefni og tryggja að allir einstaklingar hafi rými og rödd. Sérstök áhersla er lögð á samtal um fjölbreytileika og umburðarlyndi, með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd og félagslega hæfni drengja.

Kostnaður: 2,5 milljónir á ári í laun námskeiðshaldara fyrir fjóra hópa á ári. (tveir starfsmenn í yfirvinnu, í fjórar klst. í senn í sex vikur með hvern hóp – fjórir hópar á ári).

Ábyrgð: Verkefnastjóri Austurmiðstöðvar og verkefnastjóri Flotans.

Tímamörk: Hefst í janúar 2026.

Mælikvarði: Aukinn fjöldi starfsmanna sem hafa farið á námskeiðið.

1.3.B. Námskeiðið „Strákar spjalla“ í grunnskólum.

Markmið: Að drengjum í grunnskólum verði boðið uppá námskeiðið „*Strákar spjalla*“ eftir þörfum í samstarfi við grunnskóla, félagsmiðstöð og miðstöð, auk íþróttafélaga þegar það á við. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja handleiðslu fyrir þá sem halda námskeiðið, þannig að þeir hafi faglegan stuðning og verkfæri til að leiða samtöl um líðan, tilfinningar, fjölbreytileika og umburðarlyndi á uppbyggilegan hátt

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Miðstöðvar, viðkomandi félagsmiðstöð og grunnskóli.

Tímamörk: Hefst í september 2026.

Mælikvarði: Að þeim hópum sem eru í þörf fyrir námskeið standi það til boða.

1.3.C. Innleiðing leiðsagnarnáms í alla grunnskóla í Reykjavík.

Markmið: Að leiðsagnarnám verði innleitt í alla grunnskóla í Reykjavík þar sem reynslan sýnir að námsaðferðin hentar drengjum jafn vel og öðrum nemendum. Leiðsagnarnám byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem áhersla er lögð á valdeflingu nemenda í námi, þannig að þeir taki virkan þátt í eigin námsferli. Að hjálpa nemendum að finna tilgang og setja sér markmið í náminu og tengja það við sitt áhugasvið. Námsaðferðin býður nemandanum upp á mismunandi leiðir að markmiðunum, aðlagaðar að þörfum og styrkleikum hvers nemanda. Kennarinn veitir leiðsögn og endurgjöf mjög reglulega. Leiðsagnarnám fellur vel að innra mati skóla og styður við gæði kennslu og námsárangur.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs..

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Að allir grunnskólar í Reykjavík hafi innleitt leiðsagnarnám.



1.3.D. Markviss kynning á jaðaríþróttum.

Markmið: Að jaðaríþróttir verði kynntar markvisst fyrir drengjum á hverju skólaári. Verkefnastjórar miðstöðva og frístundatenglar, koma á samstarfi við íþróttafélög um að kynna sérstaklega jaðaríþróttir í frístundastarfi borgarinnar. Samstarfsaðilar þróa leiðir til kynningar, til dæmis með því að bjóða upp á kynningar á íþróttastöðum eða í frístundastarfi borgarinnar. Skoðaðar verði sérstaklega leiðir til að gefa drengjum tækifæri til að prófa jaðaríþróttir áður en þeir taka ákvörðun um að hefja reglulegar æfingar. Tilgangurinn er að aðstoða drengi við að finna sig í íþróttum og skapa þeim ný tækifæri til hreyfingar og félagslegrar þátttöku.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Verkefnastjórar miðstöðva, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og frístundatenglar miðstöðva í samstarfi við íþróttafélögin.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Að kynningar fari fram í hverjum borgarhluta á hverju skólaári.

Tillaga 1.4: Stuðningur við foreldra leikskólakennara.

Markmið: Að uppeldisnámskeiðið [Föruneyti barna](#), sem byggir á uppeldisráðgjöf leikskólakennara í viðkomandi leikskóla verði innleitt. Verkefnið er nú í tilraun í tveimur leikskólum í Reykjavík og hefur áður gefið góða raun á Akranesi. Miðstöð menntunar og skólabjónustu (MMS) sér um þjálfun leikskólakennara fyrir verkefnið. Innleiðingu skal hefja í þeim leikskólum sem sinna viðkvæmstu barnahópunum. Sérstök áhersla skal lögð á að ná til foreldra af erlendum uppruna og tryggja að námsefnið sé aðlagð að þeirra þörfum, meðal annars með fræðslu um sérstöðu íslenskrar menningar. Menningarmiðlarar og/eða brúarsmiðir skulu veita aðstoð við þessa aðlögun. Eftirsóknarvert er að fá leikskólakennara með erlendan bakgrunn til þátttöku í verkefninu, þar sem það styrkir menningarnæmi og eykur traust í samskiptum við fjölbreyttan hóp foreldra.

Kostnaður: 9,1 milljón samtals fyrir 12 leikskóla (eftir þjálfun þarf tvo leikskólakennara í 4 tíma í 10 vikur í 12 leikskólum).

Ábyrgð: Leikskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs..

Tímamörk: Vor 2027.

Mælikvarði: Að 12 leikskólar séu búnir að innleiða verkefnið vor 2027.

Tillaga 1.5: Auka hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna í vinnu með börnum og ungmennum í borginni.

1.5.A. Fjölbreyttur starfsmannahópur.

Markmið: Að hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna verði aukið í starfsemi Reykjavíkurborgar, til að stuðla að fjölbreytileika og menningarnæmni í þjónustu við börn og ungmenni. Áhersla skal lögð á ráðningar einstaklinga með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, sem hafa viðeigandi menntun og hæfni. Það er í liður í að styðja starfsstöðvar í að innleiða menningarnæma og inngildandi nálgun í allri þjónustu og samstarfi. Með þessu er hægt að skapa umhverfi sem endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins, styrkir samskipti og eykur traust á milli barna, ungmenna og starfsfólks. Mikilvægt er að faglegur rökstuðningur liggi að baki kröfu um tungumálakunnáttu, hvort sem það sé íslenska eða önnur tungumál.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Allir yfirmenn sem sjá um ráðningar og mannauðsráðgjafar borgarinnar.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Að hlutfall starfsmanna af erlendum uppruna endurspeglar hlutfall fólks af erlendum uppruna í samfélaginu.



1.5.B. Ráðning menningarmiðlara á miðstöðvar.

Markmið: Að ráðinn verði sérfræðingur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, menningarmiðlara, á hverja miðstöð, til viðbótar við núverandi starfsfólk. Viðkomandi þarf að uppfylla hæfniviðmið til að sinna málavinnslu og veita faglegan stuðning. Æskilegt er að menningarmiðlarar hafi ólíkan bakgrunn hvað varðar tungumál og menningu, þannig að þeir geti sinnt málum þvert á miðstöðvar og Barnavernd Reykjavíkur. Þetta tryggir að þjónustan nái til fjölbreyttra markhópa. Mikilvægt er að huga að þekkingu sem er að hverfa vegna brotthvarfs starfsmanna Samfló og tryggja að hún haldist innan kerfisins. Starf menningarmiðlara þarf jafnframt að tengjast verkefninu, Brúarsmiðum, Miðju máls og læsis, til að styrkja samræmingu og gæði þjónustu.

Kostnaður: 64,2 milljónir ár ári. Fjögur stöðugildi, eitt á hverja miðstöð sem kostuð eru af viðbótarfjármagni sem miðstöðvar fá.

Ábyrgð: Framkvæmdastjórar miðstöðva.

Tímamörk: 1. september 2026.

Mælikvarði: Að búið sé að ráða í öll stöðugildin fyrir 1. september 2026.

Tillaga 1.6: Auka virkniúrræði fyrir NEET hópinn.

1.6.A. Aukið framboð fyrir ungmenni utan skóla og vinnu – vinnuhópur

Markmið: Að boðið verði upp á fjölbreytt virkniúrræði fyrir ungmenni á aldrinum 16–18 ára sem eru ekki í skóla, vinnu eða virkniþjálfun. Slík úrræði geta m.a. verið, atvinnutengt nám og vinna með stuðningi og virkninámskeið í samstarfi við framhaldsskóla, Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjuna, miðstöðvar og Hitt húsið.

Þegar niðurstaða vinnuhóps um verklag og samstarf milli skólastiga liggur fyrir, skal stofna nýjan vinnuhóp sem þróar virkniúrræði í samvinnu við ungmenni í NEET hópnum. Markmiðið er að tryggja að úrræðin séu raunhæf, aðgengileg og byggi á þörfum ungmennanna sjálfra.

Kostnaður: Innan kostnaðarramma.

Ábyrgð: Miðstöðvar, Hitt húsið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Tímamörk: Hausti 2026.

Mælikvarði: Fjöldi úrræða sem verða til staðar fyrir markhópinn.

1.6.B. Tryggja sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu.

Markmið: Að tryggð verði virkni fyrir ungmenni í viðkvæmri stöðu yfir sumartímann, þar sem þau eiga oft erfiðara með að finna sér vinnu á eigin vegum. Lagt er til að sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu verði tryggð. Að miðstöðvar borgarinnar sækji um störf fyrir hönd ungmennanna og veiti þeim stuðning í öllu ferlinu, líka eftir að sumarvinnunni lýkur. Skilgreina þarf hverjir geta sótt um þessi störf til að tryggja jafnræði og gagnsæi. Tilgangurinn er að skapa tækifæri til atvinnu og félagslegrar virkni sem styrkir sjálfsmynd, færni og framtíðarmöguleika ungmennanna.

Kostnaður: 50 milljónir fyrir 50 störf í 6-8 vikur, ásamt verkefnastjóra.

Ábyrgð: Miðstöðvar, Hitt húsið/menningar- og íþróttasvið og mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Fjöldi ungmenna sem fara í skóla eða vinnu að loknu sumarstarfi.



Tillaga 1.7: Nýsköpun í foreldrasamstarfi meðal foreldra og barna í fjórða bekk.

Markmið: Að styrkja tengsl foreldrahópa og barna í fjórða bekk áður en þau hefja nám á miðstigi. Foreldrasamstarfið verður formgert m.a. með því að búa þarf til skýrt verklag þar sem umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í að stýra starfinu og styðja foreldra í samstarfi við frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Með þessu er tryggt að samstarf heimila og skóla verði markvissara og stuðli að jákvæðum samskiptum og vellíðan barnanna.

Kostnaður: Innan kostnaðarramma.

Ábyrgð: Grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og verkefnastjórar miðstöðva.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Að starfið sé komið inn í alla grunnskóla vorið 2028.

Tillaga 1.8: Efla félags- og tilfinningafærni í öllu starfi með börnum og ungmennum.

Markmið: Að innleitt verði gagnreynt kennsluefni í öllu starfi með börnum og ungmennum. Félags- og tilfinningafærni er lykilþáttur í velferð barna og ungmenna. Hún stuðlar að samhygð, seiglu og hæfni til að takast á við áskoranir í daglegu lífi. Þetta felur í sér að kenna þarf félags- og tilfinningafærni í leikskólum, öllum bekkjum grunnskóla og í frístundastarfi. Það þarf einnig að vera hluti af námsefni í allri fræðslu og námskeiðum sem eru ætluð börnum og ungmennum. Markmiðið er að tryggja að félags- og tilfinningafærni verði samþættur hluti af uppeldi og menntun, þannig að börn og ungmenni fái tækifæri til að þróa hæfni sem nýtist þeim bæði í skóla og í lífinu almennt.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Ábyrgð: Yfirmenn starfsstaða sem vinna með börnum.

Tímamörk: Viðvarandi.

Mælikvarði: Betri líðan og minna ofbeldi skv. könnun Íslenskra æskulýðsrannsókna.

2. Viðbragð - vinna á öðru stigi.

Tillaga 2.1: Sérþækt hópastarf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára í viðkvæmri stöðu.

Markmið: Að unnið verði að sérþæktu hópastarf fyrir miðstig í samstarfi grunnskóla, félagsmiðstöðva og miðstöðva. Starfið fer fram í fimm félagsmiðstöðvum þar sem þörfin er mest. Samhliða verður boðið upp á námskeið fyrir foreldra. Áhersla er lögð á að vinnan fari fram í nærumhverfi barnanna og sé leidd af þeim starfsmönnum sem þau þekkja og munu vinna áfram með þeim í daglegu starfi.

Aldurinn 10–12 ára getur verið krefjandi fyrir börn og vísbendingar eru um aukið einelti og ofbeldi í þessum hópi. Þetta má að líkindum rekja til þess að mörg þeirra hófu skólagöngu í COVID-faraldrinum og skortir þjálfun í félags- og tilfinningafærni.

Kostnaður: 39,8 milljónir (í félagsmiðstöð þrjár starfsmenn í yfirvinnu í sex klst á viku í 10 mánuði - fimm hópar) ásamt (foreldrastarf tveir starfsmenn í yfirvinnu í þrjár klst einu sinni í mánuði 10 mánuði – fimm hópar).

Ábyrgð: Frístundaskrifstofa skóla- og frístundasviðs og miðstöðvar.

Tímamörk: Janúar – maí 2026.

Mælikvarði: Árangur er metinn með matsblöðum fyrir og eftir hópastarfið í samvinnu við mælikvarða frá HÍ.



Tillaga 2.2: Úrræði fyrir börn sem beita ofbeldi.

Markmið: Að samræma viðbrögð við ofbeldi barna. Reykjavíkurborg vill vinna með börnum sem beita ofbeldi í anda verklags „saman gegn ofbeldi“ og í því samstarfi sem lykilstofnanir eiga skv. því verklagi. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinast um að stofna bráða- og viðbragðsteymi sem bregst hratt við ofbeldismálum barna í anda „*Saman gegn ofbeldi*“. Verkefnið hefur fengið 240 milljónir króna í styrk til tveggja ára frá Farsældarsjóði Mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Tilgangurinn að tryggja skýrar boðleiðir og samhæfða þjónustu allra kerfa, þannig að viðbrögð verði skjót og fagleg. Teymið verður miðlægt, þverfaglegt og sérhæft og virkjast strax þegar ofbeldi eða hótanir koma upp hjá börnum 10–18 ára sem sýna áhættuhegðun. Teymið virkjast með samþykki foreldra og nær einnig til mála sem ekki eru tilkynnt til lögreglu eða barnaverndar.

Teymi til að vinna með bekkjarmenningu og foreldrahópinn.

Markmið: Að stofnað verði teymi starfsmanna miðstöðva sem vinna þétt með skólum og frístundastarfi til að uppræta ofbeldi í árgöngum. Hlutverk teymisins er að vinna með bekkjarmenningu þegar ofbeldismál koma upp, styðja foreldrahóp árgangsins með fræðslu og samtali og efla félagsfærni barna og sporna við frekara ofbeldi. Þessi vinna er til viðbótar við starf bráða- og viðbragðsteymisins, sem sinnir fyrst og fremst ungmennum og fjölskyldum þeirra. Miðstöð leiðir verkefnið í samvinnu við bráða- og viðbragðsteymið.

Kostnaður: 12,6 milljónir sem dreifist á fjórar miðstöðvar (20% starfshlutfall á hverri miðstöð).

Ábyrgð: Miðstöðvar í samvinnu við Jafnréttisskóla skóla- og frístundasviðs og svo við grunnskólann og félagsmiðstöðina sem í hlut á hverju sinni.

Tímamörk: Teymin verði komin á fyrir haust 2026 og verði svo viðvarandi.

Mælikvarði 1: Að brugðist verði við við ofbeldismálum með þessum hætti í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Mælikvarði 2: Að fjöldi tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur um börn sem beita ofbeldi fækki.

Tillaga 2.3: Stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu.

Markmið: Að stofnað verði stuðningsteymi þriggja starfsmanna (t.d. sálfræðingur, þroskaþjálfari, listþerapisti/listmeðferðarfræðingur eða atferlisfræðingur) sem vinnur innan skóla- og frístundastarfs með börnunum og styður starfsfólk í að mæta þeim á þeirra forsendum. Hlutverk þess verði að tryggja samfellu í skólagöngu, auka virkni og sporna við vanda í skólasókn.

Skólaganga barna sem hafa flúið stríð eða verið lengi á flóttu er oft rofin og þau bera gjarnan áfallasögu. Því er skólaganga þeirra frábrugðin skólagöngu annarra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Leik- og grunnskólar eru griðastaðir þessara barna og þurfa að mæta þeim af sérstakri alúð, næmni og festu. Áföll geta haft áhrif á námsgetu og hegðun, því er mikilvægt að skólarnir hafi verkfæri til að greina vandann og fá faglega ráðgjöf.

Kostnaður: 47,1 milljón fyrir þrjú stöðugildi.

Ábyrgð: Verkefnastjóri fjölmennningar skóla- og frístundasviðs í samvinnu við miðstöðvar og skóla- og frístundastarf borgarhlutanna.

Tímamörk: Að starfsmenn komi til starfa haustið 2026.

Mælikvarði: Að fleiri börn geti tekið þátt í almennu skólastarfi.



Tillaga 2.4: Innleiða áfram tengsla- og áfallamiðaða nálgun með börnum og ungmennum.

Markmið: Að eftirfarandi gagnreynd verkefni og nálgun í starfi verði innleidd til að viðhalda fagþekkingu í starfi með börnum og ungmennum til að mæta þeim áskorunum sem þau standa frammi fyrir. Með því er samræmd þjónusta tryggð fyrir börn í viðkvæmri stöðu, svo sem fötluð börn, börn með hegðunarvanda, börn sem hafa orðið fyrir áföllum og börn á flóttu.

Innleiðing felur í sér eftirfarandi verkefni:

Signs of safety hjá ráðgjöfum á miðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur, nálgunin felur í sér að virkja foreldra og fjölskyldu í lausnaleit, skilgreina öryggi barnsins og kennir fjölskyldunni að nota skýr verkfæri.

Solihull er í innleiðingu hjá Keðjunni og byggir á að efla tengsl og skilning á milli foreldra og barna. Heillaspor er verið að innleiða í tveimur tilraunaskólum í Reykjavík, með áherslu á að styrkja félags- og tilfinningafærni barna.

Áhugahvetjandi samtal er samtalsaðferð sem nýtist öllum starfsmönnum sem vinna með börnum til að efla innri áhugahvöt og jákvæð samskipti.

ACE listi er verkfæri til að greina hvort barn hafi orðið fyrir áfalli og meta þörf fyrir stuðning.

Innleiðingin er tímafrek og verður tímasett í framkvæmdaráætlun BBB.

Kostnaður: Innan kostnaðarramma.

Ábyrgð: Verkefnastjórar Betri borgar fyrir börn.

Tímamörk: Janúar 2026 – 2030.

Mælikvarði: Aukinn fjöldi starfsmanna sem hafa þekkingu á að takast á við vanda barna í viðkvæmri stöðu með áfallamiðaðri nálgun.

3. Meðferð – vinna á þriðja stigi.

Vandi ungmenna er orðinn flóknari og alvarlegri en áður. Málín þróast oft hratt í alvarlega stöðu og reynist erfitt að ná utan um fjölskyldurnar. Því er mikilvægt að skoða hvort auka þurfi úrræði á þriðja stigi þjónustu til að mæta þessum vaxandi áskorunum.

Tillaga 3.1: Bregðast við áhættuhegðun ungmenna fyrr.

Bráða- og viðbragðsteymið sem sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins eru að koma á laggirnar og vinnur í anda „Saman gegn ofbeldi“ mun einnig vinna á þriðja stigi, eins og lýst er í tillögu 2.3.

Nýta MST fyrr í ferlinu.

Markmið: Að komið verði á samstarfi milli miðstöðva borgarinnar og Barnaverndar Reykjavíkur, þannig að miðstöðvar geti sótt um MST í umboði barnaverndar þegar það á við.

Áhugi er á að nýta MST (Multisystemic Therapy) úrræði Barna- og fjölskyldustofu fyrr en gert er í dag. Tilgangurinn er að grípa fyrr inn í vanda barna með áhættuhegðun og fjölskyldna þeirra með gagnreyndri aðferð. MST er sértækt meðferðarúrræði sem fer fram í heimahúsi og byggir á heildrænni nálgun. Meðferðin nær yfir alla kerfisþætti sem hafa áhrif á ungmennið s.s. fjölskyldu, skóla, jafningja og nærumhverfi og miðar að því að draga úr áhættuhegðun og styrkja fjölskylduna til að takast á við vandann.

Kostnaður: Innan kostnaðarramma.

Ábyrgð: Skrifstofustjóri ráðgjafar velferðasviðs, Barnavernd Reykjavíkur og miðstöðvar.

Tímamörk: Mars 2026.

Mælikvarði: Að samstarf verði formgert svo fleiri fjölskyldur nái að nýta sér úrræðið.



Viðauki

Kortlagning á aðgerðum Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi.

Staða drengja í menntakerfinu – tillögur að úrbótum

Hér má sjá samstarfsyfirlýsingu fyrir börn í viðkvæmri stöðu og tryggja að stjórnskipan og verkferlar taki fljótt til starfa.

Aðgerðir aðgerðahóps um aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum. Aðgerðunum var síðan fjölgað.

Fyrsta stöðuskýrsla.

Önnur stöðuskýrsla.

Þriðja stöðuskýrsla.



Reykjavík, 10. júlí 2025

MSS25020124

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2025 að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Í framhaldi skyldi ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið yrði heildstætt gegn ofbeldi sem beinist að börnum og ungu fólki. Sérstaklega ætti að horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áhersla skyldi lögð á að fagfólk fari fyrir inn í aðstæður og veiti stuðning strax og horft skyldi til verklags Saman gegn ofbeldi.

Stýrihópurinn sem kortlagði vinnu borgarinnar gegn ofbeldi, í umboði mannréttindaráðs, skilaði vinnu sinni 13. maí, sjá hjálagða kortlagningu.

Mannréttindaráð taldi að best væri að óska eftir því við borgarstjóra að settur yrði á fót stýrihópur skipaður þeim sem gleggst til þekkja í málefnum barna og ungmenna ásamt kjörnum fulltrúa eða fulltrúum til að vinna tillögurnar. Þannig yrði nýtt sérþekking þeirra sem til þekkja og eru að sinna þjónustu við þennan hóp og tenging við kjörna fulltrúa tryggð. Með þessum hætti væri tryggt að aðilar frá ólíkum stofnunum sem vinna með börnum og ungmennum innan borgarinnar rýni saman hverju þurfi að breyta, hvaða áherslubreytingar þurfi að gera og hvernig samvinnu geti verið háttáð.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að setja fram tillögur um það hvernig unnið skuli heildstætt gegn ofbeldi sem beinist að börnum og ungu fólki.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kynna sér kortlagningu á þeim verkefnum sem borgin sinnir gegn ofbeldi.
- Gera tillögur að því hvernig best megi veita stuðning og þjónusta börn sem verða fyrir ofbeldi.
- Gera tillögur um það hvernig megi vinna með þeim/meðferð sem beita börn og ungmenni ofbeldi. Hér er átt við bæði fullorðna og börn.
- Greina hvort og þá hvernig megi auka samstarf á milli aðila bæði innan og utan borgar með það að augnamiði að bæta þjónustu við börn og ungmenni sem eru beitt ofbeldi.
- Greina hvort tillögurnar hafi kostnað í för með sér og ef svo er kostnaðarmeta þær í samvinnu við fjármálafólk borgarinnar.
- Gera jafnréttismat á tillögunum byggt á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.



Reykjavík

**Stýrihópurinn skipa:**

Sabine Leskopf, formaður
Ásta Þ. Skjaldal Guðjónsdóttir
Einar Þorsteinsson

Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihópsins:

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Sigbrúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu
Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur
Hákon Sigursteinsson, Betri borg fyrir börn
Stýrihópurinn leitar einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skilar ábyrgðaraðila kortlagningu á aðgerðum fyrir lok 1. október 2025.


Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Kortlagning á vinnu Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi, dags. 13. maí 2025.



Reykjavík



Mannréttindaráð

Reykjavík, 13. maí 2025
MSS25030128

Kortlagning á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi

Hjálögð er kortlagning á allri þeirri vinnu gegn ofbeldi sem Reykjavíkurborg er að sinna.

Mannréttindaráð fól starfshópi að taka saman þetta yfirlit og hefur hann leitast við að gera grein fyrir allri vinnu/aðgerðum borgarinnar á þessu sviði í samantektinni. Vera má að eitthvað hafi orðið út undan en ábendingar um það eru þá vel þegnar og munum við þá bæta þeim verkefnum/aðgerðum við.

Tilgreind er samþykkt stefnumörkun á þessu sviði, virkar aðgerðaráætlanir og ýmsar aðgerðir/verkefni sem verið er að vinna annars vegar miðlægt og hins vegar á hverri og einni miðstöð borgarinnar.

Óskað er eftir að niðurstöður starfshópsins séu lagðar fram á fundi mannréttindaráðs.

Virðingarfyllst, fyrir hönd starfshópsins,

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps ásamt fylgiskjöllum

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Samþykkt stefnumótun Reykjavíkurborgar sem tengist vinnu gegn ofbeldi	1
Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar 2016 (lok eru ótímasett).....	1
Öryggisstefna Reykjavíkurborgar 2022 til 2026.....	1
Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfinu 2024-2028	1
Lýðheilsustefna Reykjavíkur 2021-2030	2
Aðgerðaáætlanir sem tengjast ofbeldisvörnum og forvörnum á því sviði	2
Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 til 2028.....	2
Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024 til 2026	2
Aðgerðaáætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi	2
Miðlæg verkefni borgarinnar er lúta að vörnum gegn ofbeldi eða viðbrögðum við því	3
Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar og hlutverk þess í tengslum við vinnu gegn ofbeldi.....	3
Saman gegn ofbeldi	3
Ráðgjöf við gerendur í heimilisofbeldismálum í útkalli og í kjölfar þess	3
Ráðgjöf og stuðningur við brotþola heimilisofbeldis í útkalli og í kjölfar þess og markviss eftirfylgni	3
Stuðningsviðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi	4
Tölfræðiupplýsingar Saman gegn ofbeldi	4
Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar yfir þjónustu fyrir brotþola og gerendur.....	6
Fræðsla um heimilisofbeldi	6
Skimun á heimilisofbeldi á miðstöðvum.....	6
Sameiginlegt átak stofnana til að auðvelda fólki að komast úr ofbeldissambandi.....	7
Þverfaglegt áhættumatsteymi MARAC.....	7
Þjónustusamningar við frjáls félagasamtök.....	7
Bjarkarhlíð	7
Aðgerðir vegna vændis og mansals	7
Þátttaka í samstarfi borga á Norðurlöndum	8
Öruggir skemmtistaðir	8
Námskeið fyrir dyraverði	8
Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi	8
Þjónusta við börn og fjölskyldur	9
Barnavernd Reykjavíkur	9
Aðgerðarhópur vegna ofbeldis á milli barna og gegn börnum.....	11
Verkefnastjóri foreldrasamstarfs	11

Heilsueflandi skólar	12
Samstarfsyfirlýsing um samræmt verklag vegna barna í viðkvæmri stöðu	12
Samráðsfundir vegna samstarfsyfirlýsingarinnar	12
Ráðgjafa og stuðningsteymi vegna óæskilegrar kynferðislegrar hegðunar barna og unglínga í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar	12
Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks	12
Eineltisáætlanir og gátlisti gegn einelti.....	13
Stuðningsviðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi	13
Brúarsmiðir	13
SAMAN-hópurinn	13
NEET hópurinn.....	13
Flotinn – Flakkandi félagsmiðstöð	14
Farsældarþjónusta	14
Velkomin í hverfið þitt	14
Verkefni á vegum Hins hússins	14
Fræðsluvika vinnuskólans	15
Sammála	15
Vettvangsstarf félagsmiðstöðva og foreldrarölt	15
Samstarf sveitarfélaga og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu um málefni unglínga	15
Sértækt hópastarf.....	15
Sexan.....	15
Aðgerðahópur um ofbeldi meðal barna og ungmenna.....	16
Miðbæjarathvarf.....	16
Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs.....	16
Samstarfssamningur ÍBR og MÍR	16
Lausnateymi í leik- og grunnskólum borgarinnar	17
Samráð með barnavernd og lögreglu	17
Nemendaverndarráðsfundir.....	17
Samráðsfundir Barna- og fjölskyldudeildar og Barnaverndar Reykjavíkur	18
Aðgerðir gegn ofbeldi í starfi frístundamiðstöðva.....	18
Aðgerðir og verkefni í hverfum borgarinnar sem snúa að viðbrögðum við ofbeldi og ofbeldisvörnum	20
Austurmiðstöð	20
Vesturmiðstöð	20
Suðurmiðstöð	21
Norðurmiðstöð	22

Verkefni sem snúa að ofbeldi sem starfsfólk verður eða getur orðið fyrir.....	23
Fræðsla til starfsfólks borgarinnar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.	23
Bókasöfn Reykjavíkurborgar	23
Sundlaugar Reykjavíkurborgar.....	23
Fræðsluefni um ofbeldi gegn starfsfólki	23
Stuðningur við starfsfólk Reykjavíkurborgar vegna heimilisofbeldis	23
Verkferlar vegna gruns um ofbeldi sem starfsfólk beitir í störfum sínum	24
Verkferlar þegar grunur vaknar um ofbeldi sem starfsfólk beitir þjónustuþegar eru uppfærðir einu sinni á ári ef þörf er á. Hér er m.a. átt við í skóla- og æskulýðsstarfi, og í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og aldraða á vegum borgarinnar. Verkferlarnir eru kynntir í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði einu sinni á ári.	24
Starfsfólk má ekki nota búnað eða aðstöðu Reykjavíkurborgar, s.s. vinnutíma, tölvubúnað, ökutæki eða annað slíkt til að beita aðra manneskju ofbeldi. Stjórnandi ræðir þá við viðkomandi og greinir frá því að Reykjavíkurborg vinni markvisst gegn ofbeldi og að óásættanlegt sé að starfsfólk borgarinnar noti eignir hennar til að beita aðra ofbeldi þó það sé ekki á sjálfum vinnustaðnum. Ef vinnustaðurinn Reykjavíkurborg fréttir af hugsanlegu broti á ofangreindu skal fylgja því verklagi sem hér er tilgreint og í samræmi við lög, reglur, verklag og kjarasamninga.	24
Verk í vinnslu	24
Aðgerðir m.a. í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi	24
Aðgerð 26 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi.....	24
Aðgerð 30 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi.....	24
Aðgerð 33 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi	24
Aðgerð 52 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi.....	24
Skráning varðandi ofbeldi á stofnunum Reykjavíkurborgar	24
Lokaorð	25
Fylgiskjöl	25

Inngangur

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 4. mars sl. tillögu um að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi, sjá fylgiskjal 1. Í framhaldi skuli ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verður heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skal horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu.

Áhersla skal lögð á að fagfólk fari fyrir inn í aðstæður en áður og veiti stuðning strax. Horfa skal til verklags verkefnisins „Saman gegn ofbeldi“.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð setti á fót tímabundinn starfshóp til að taka saman upplýsingar um aðgerðir gegn ofbeldi sem borgin hefur unnið að.

Hjálagt er erindisbréf hópsins, fylgiskjal 2, en þar má sjá hverjir sátu í starfshópnum.

Hér á eftir fer samantekt hópsins á þeim verkefnum sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi.

Samþykkt stefnumótun Reykjavíkurborgar sem tengist vinnu gegn ofbeldi

Hér eru upplýsingar um þá samþykktu núgildandi stefnumótun borgarinnar sem tengist vinnu gegn ofbeldi og viðbrögðum við því, eigi það sér stað.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar 2016 (lok eru ótímasett)

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var fyrst samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006. Núverandi stefna var samþykkt í borgarstjórn 18. október 2016. Stefnan leggur áherslu á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem stefnan nær til. Stefnunni fylgir aðgerðaráætlun í mannréttinda- og jafnréttismálum sem gildir frá 2023 til 2026.

Fram kemur í stefnunni að Reykjavíkurborg einsetji sér að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Öll starfsemi borgarinnar taki mið af þessu markmiði og Reykjavíkurborg vinni aðgerðaáætlun í þeim tilgangi. [Hér má sjá mannréttindastefnu á vef borgarinnar](#)

Öryggisstefna Reykjavíkurborgar 2022 til 2026

Öryggisstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði 7. apríl 2022. Henni fylgja áherslur til loka ársins 2026. Í stefnunni er tilgreint hvernig Reykjavíkurborg tryggir starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og þeim reglugerðum sem lögnum fylgja þ.m.t. reglugerðum nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. [Hér er öryggisstefnan á vef borgarinnar](#).

Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfinu 2024-2028

Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi var samþykkt í borgarráði 11. júlí 2024. Stefnan er sett fram samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015. Stefnan er undirstefna

mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og tengist einnig öryggisstefnu vinnustaðarins. Stefnan gildir fyrir alla starfsstaði og allt starfsfólk Reykjavíkurborgar. Stefnunni fylgir aðgerðaráætlun. [Sjá stefnuna hér á vef borgarinnar.](#)

Lýðheilsustefna Reykjavíkur 2021-2030

Lýðheilsustefnan, heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“, var samþykkt í borgarstjórn 5. október 2021. Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024 til 2027 er áætlun byggð á þeirri stefnu. Kjarninn í stefnu Reykjavíkur á sviði lýðheilsu er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa. [Stefnuna má sjá hér á vef borgarinnar.](#)

Aðgerðaáætlanir sem tengjast ofbeldisvörnum og forvörnum á því sviði

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 til 2028

Aðgerðaráætlunin var unnin af mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar og var samþykkt í borgarráði 21. janúar 2025. Einnig komu svið borgarinnar að gerð hennar og var hún sett í samráðsgátt borgarinnar og send hagaðilum til yfirferðar. Brugðist var við þeim ábendingum sem fram komu og var þverpólitísk sátt um hana.

Áætlunin, sem telur 52 verkefni, byggist m.a. á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd. Aðgerðaráætlunin er ekki tæmandi enda ýmis verkefni sem sett eru á laggirnar með litlum fyrirvara til að bregðast við ákveðnum aðstæðum og einnig er erfitt að afla upplýsinga um öll verkefni sem í gangi eru. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á Íslandi sem er með aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. [Aðgerðaráætlunin er hér á vef borgarinnar.](#)

Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024 til 2026

Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024 til 2026 var samþykkt í borgarráði 7. mars 2024. Hún er unnin út frá lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar, Heilsuborginni Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“ sem var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. október 2021. Leiðarljós stefnunnar eru að áhersla á lýðheilsu sé ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur og að öll forvarnarvinna byggi á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Forvarnaráætlun er á ábyrgð forvarnarteymis Reykjavíkurborgar og unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, menningar- og íþróttasvið, umhverfis- og skipulagssvið, velferðarsvið, miðstöðva og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tekið er mið af áherslum verkefnisins Betri borg fyrir börn þar sem horft er heildstætt á líf þeirra. [Forvarnaráætlunin er hér á vef borgarinnar.](#)

Aðgerðaáætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi

Gripið er til aðgerðaráætlunar gegn rasisma þegar rasísk atvik eiga sér stað í skólaumhverfinu og hún er jafnframt vegvísir fyrir þá fræðslu og símenntun sem þarf að eiga sér stað innan skólasamfélagsins til að koma í veg fyrir rasisma. Búið er að útbúa verklag við viðbrögðum við rasisma og bráðum verður

hægt er að nálgast fræðslu um málefnið inni á Torginu, fræðslutorgi fyrir starfsfólk borgarinnar. [Aðgerðaráætlunin er hér á vef borgarinnar.](#)

Miðlæg verkefni borgarinnar er lúta að vörnum gegn ofbeldi eða viðbrögðum við því

Sum verkefni sem borgin vinnur að eru miðlæg þ.e. eru ekki bundin ákveðnum hverfum heldur ná þvert á alla borgina. Önnur verkefni eru unnin innan hverfa hennar og eru á ábyrgð miðstöðva borgarinnar.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar og hlutverk þess í tengslum við vinnu gegn ofbeldi

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs. Hlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í mannréttindamálum, jafnréttismálum, ofbeldisvarnarmálum, málefnum eldra fólks (öldungaráð), málefnum fatlaðs fólks (samráðshópur um málefni fatlaðs fólks) og málefnum innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn.

Einn fundur í mánuði er að jafnaði tileinkaður ofbeldisvarnarmálum og á þá fundi eru boðaðir áheyrnarfulltrúar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Samtaka um kvennaathvarf og Landlæknis sem tilnefna einn fulltrúa hvert og einn til vara.

Á þennan hátt er skapaður vettvangur fyrir samráð kjörinna fulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og samráð eft. Hlutverk ráðsins er m.a. að móta stefnu í ofbeldisvarnarmálum, taka ákvarðanir á því sviði og gera tillögur til borgarráðs.

Saman gegn ofbeldi

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 1. apríl 2014 að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi. Samkvæmt tillögunni skyldi stuðla að auknu samstarfi, þekkingarmiðlun og bættu verklagi í heimilisofbeldismálum. Ekki er lengur um átaksverkefni að ræða heldur er þetta samvinnuverkefni um samræmt verklag í heimilisofbeldismálum.

Verkefninu er stýrt af verkefnisstjórn sem í eiga sæti einn borgarfulltrúi sem stýrir vinnu verkefnisstjórnarinnar, einn fulltrúi frá Kvennaathvarfinu, tveir fulltrúar frá lögreglunni, einn frá velferðarsviði, einn frá barnavernd Reykjavíkur, einn frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, einn frá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og einn frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu en embættið hóf þátttöku í verkefninu í janúar 2020. Umsjón verkefnisins er á höndum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og starfar verkefnisstjóri þess þar. Fjöldmörg verkefni heyra undir *Saman gegn ofbeldi* og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Ráðgjöf við gerendur í heimilisofbeldismálum í útkalli og í kjölfar þess

Gerendur fá ráðgjöf í útkalli ef tök eru á því eða daginn eftir útkall. Gerendum er veitt félagsleg ráðgjöf og þeir hvattir til að sækja sér meðferð hjá Heimilisfriði.

Ráðgjöf og stuðningur við brotþola heimilisofbeldis í útkalli og í kjölfar þess og markviss eftirfylgni

Veitt er ráðgjöf og stuðningur í útkalli. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á miðstöð mæta á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotþoli spurður

hvort kalla megi til félagsráðgjafa. Starfsfólk í útköllum á að þekkja til birtingamynda heimilisofbeldis í ýmsum hópum s.s. innan hinsegin samfélagsins, meðal aldraðra, fatlaðra o.s.frv.

Bakvakt hefur samband (símtal) við brotapolu daginn eftir atburð eða eigi síðar en innan fjögurra virkra daga. Ef áhætta er metin mikil af bakvaktarstarfsfólki hjá borginni eða lögreglunni er farið í eftirfylgniheimsókn.

Ráðgjöfin er veitt á miðstöðvum borgarinnar.

Stuðningsviðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi

Börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi er veittur stuðningur með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga. Viðtölin eru 1-3 og fleiri ef þörf er. Markmiðið er að styðja við þau börn sem verða vitni að heimilisofbeldi og auðvelda þeim að takast á við slíka atburði..


Tölfræðiupplýsingar Saman gegn ofbeldi

Tölfræðiupplýsingar m.a. um fjölda útkalla í Reykjavík sem lögreglan fer í og þau útköll sem Reykjavíkurborg fer í er safnað, unnið úr þeim og þær birtar mánaðarlega.


Reykjavíkurborg fer í útköll annars vegar þegar börn eru á staðnum og fer þá barnaverndarstarfsmaður á staðinn og ráðgjafi af miðstöð og hins vegar þegar brotapolu og/eða gerandi vilja þiggja ráðgjöf og fer þá einungis stafsmaður á miðstöð á staðinn. Einnig er tekið saman hlutfall þeirra útkalla þar sem börn eru á vettvangi annars vegar og hins vegar hlutfall útkalla þegar börn eiga lögheimili hjá brotapolu.

Tölfræði sem borgin/velferðarsvið safnar er kyngreind og tekur til ýmissa þátta, [sjá nánar á vef borgarinnar](#).

Hér má sjá fjölda útkalla eftir kyni geranda og brotapolu og fjölda barna á vettvangi eða með lögheimili hjá brotapolu.




Mynd 1. Fjöldi útkalla sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór í 2014 til og með 2024 og fjöldi útkalla sem velferðarsvið fór í eftir kyni geranda 2015 til og með 2024




Mynd 2. Fjöldi útkalla sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór í 2014-2024 og fjöldi útkalla sem velferðarsvið fer í eftir kyni brotþola 2015-2024

Samkvæmt verklagi þá eru barnaverndarstarfsmaður og ráðgjafi af miðstöð kallaðir til þegar um er að ræða heimilisofbeldi þar sem börn eru á vettvangi. Þessir aðilar eru á bakvakt allan sólarhringinn.

Mynd 3 sýnir fjölda barna á vettvangi í útköllum borgarinnar 2015 til og með 2024 og mynd 4 sýnir fjölda barna með lögheimili á vettvangi.



Mynd 3. Fjöldi tilkynninga/útkalla 2021 til og með 2024 og fjöldi barna á vettvangi



Mynd 4. Fjöldi tilkynninga/útkalla 2021 til og með 2024 og fjöldi barna með lögheimili á vettvangi

Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar yfir þjónustu fyrir brotþola og gerendur

Á vefsíðu borgarinnar eru birtar upplýsingar um það hvert brotþolar og gerendur geta leitað til að fá aðstoð. Þar má einnig finna upplýsingar um verkefnið Saman gegn ofbeldi, bæklinga, skýrslur og annað efni sem lýtur að verkefninu og kann að gagnast almenningi, öðrum sveitarfélögum, grasrótarsamtökum o.fl. Allt upplýsingaefni er á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku. Upplýsingar um hvert er hægt að leita til að fá aðstoð er einnig á auðskildu máli. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Fatlaðar konur eru er sá hópur sem er í mestri hættu á að verða fórnarlömb ofbeldis. Því er sérstakt upplýsingaefni unnið fyrir fatlað fólk um ofbeldi og það aðgengilegt á stöðum þar sem fatlað fólk sækir þjónustu.

Fræðsla um heimilisofbeldi

Boðið er upp á ýmsa fræðslu fyrir starfsfólk um heimilisofbeldi, birtingamyndir og áhrif þess. Hluti fræðslunnar um þetta efni er opin öllu starfsfólki borgarinnar, einnig er lögð áhersla á aðákveðnir starfshópar fá í slíka fræðslu. Sérstök fræðsluáætlun er unnin vegna fræðslu fyrir ráðgjafa miðstöðva og starfsfólk Barnaverndar sem fara í útköll og sinna eftirfylgni. Til dæmis hefur skrifstofa málefna fatlaðs fólks ásamt mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu umsjón með fræðslu um fatlað fólk og ofbeldi fyrir starfsstaði borgarinnar. Einnig er hægt að nálgast rafrænt fræðsluefni inni á Fróða. Unnið er að því að búa til rafræna fræðslu m.a. um heimilisofbeldi og aldraða.

Skimun á heimilisofbeldi á miðstöðvum

Félagsráðgjafar og aðrir ráðgjafar skima/spyrja hvort viðkomandi búi eða hafi búið við ofbeldi í öllum viðtölum. Gerðar hafa verið leiðbeiningar til að styðjast í slíkum skimunum. Markmiðið er að greina strax hvort vandi tengist heimilisofbeldi og veita viðeigandi stuðning.

Sameiginlegt átak stofnana til að auðvelda fólki að komast úr ofbeldissambandi

Vinna með fulltrúum þeirra stofnana sem við á í að útfæra og innleiða átakið. Jafnframt felur vinnan í sér að hvetja til laga- og reglugerðabreytinga þar sem þess er þörf til að auðvelda brotaþolum að komast úr ofbeldissambandi; Slíkar breytingar eru m.a. eftirfarandi:

- skilnaðarferli einfaldað,
- sáttameðferð aflétt þegar ofbeldi hefur átt sér stað,
- fjárhagslegur stuðningur,
- lögfræðileg ráðgjöf,
- útfæra húsnæðisúrræði,

Verkefnið er á vegum Saman gegn ofbeldi.

Þverfaglegt áhættumatsteymi MARAC

Reykjavíkurborg er þátttakandi í vinnu þverfaglegs áhættumatsteymis (MARAC) á vegum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þar er lagt mat á þá áhættu sem brotaþoli stendur frammi fyrir og þær leiðir sem færar eru til að auka öryggi viðkomandi. Áhættumatsteymi er þverfaglegt teymi sem samanstendur af lögreglu, félagsþjónustu, barnavernd, heilbrigðisstofnunum og öðrum stofnunum/félagasamtökum, allt eftir eðli þeirra mála sem berast í teymið. Teymið sér um að meta áhættu og vinna áætlun um stuðning við brotaþola. Áhættumatið er í þróun.

Þjónustusamningar við frjáls félagasamtök

Reykjavíkurborg hefur gert þjónustusamninga við Stígamót, Kvennaathvarfið og Samtökin '78. Reykjavíkurborg greiðir þessum aðilum sbr. þjónustusamningana m.a. fyrir þá þjónustu sem þau veita þjónusta frjálsra félagasamtaka sem veita brotaþolum þjónustu án endurgjalds, er mikilvæg brotaþolum ofbeldis enda hentar ekki sama þjónusta öllum.

Bjarkarhlíð

Í Bjarkarhlíð er brotaþolum ofbeldis boðið upp á viðtöl og ráðgjöf. Auk ráðgjafa Bjarkarhlíðar eru á staðnum lögregla og lögfræðingur. Öll þjónusta Bjarkarhlíðar er á forsendum þolenda og þeim að kostnaðarlausu.

Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar.

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsnæði, fulltrúi borgarinnar situr í stjórn samtakanna og velferðarráð hefur styrkt starfsemina en sótt er um þá styrki sérstaklega. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Aðgerðir vegna vændis og mansals

Viðeigandi starfsfólk borgarinnar fær fræðslu frá Stígamótum um hvernig megi þekkja afleiðingar vændis og leiðir til stuðnings við þá sem hafa stundað vændi. Reykjavíkurborg hefur litið svo á að vændi sé ofbeldi. Einnig er boðið upp á fræðslu um mansal. Sérstakt mansalsteymi er starfandi innan velferðarsviðs og þau hafa útbúið verklag fyrir starfsstaði. Einnig er góð samvinna við Bjarkarhlíð og

aðra sem koma að mansalsmálum. Reykjavíkurborg á auk þess fulltrúa í mansalshóp sem starfar þvert á ráðuneyti, stofnanir, félagasamtök. Hópurinn hittist að meðaltali tvisvar á ári og er stýrt úr dómsmálaráðuneytinu. .

Starfsfólk á umhverfis- og skipulagssviði fær fræðslu um vinnumannsal og unnið er að gerð verkferla þegar grunu vaknar um slíkt athæfi..

Þátttaka í samstarfi borga á Norðurlöndum

Samþykkt var á fundi borgarstjórnar 16. maí 2017 að Reykjavíkurborg gerðist aðili að sáttmálanum Öruggar borgir á Norðurlöndum eða Nordic Safe Cities (NSC). Um er að ræða samstarfsverkefni og tengslanet borga á Norðurlöndunum sem koma saman, deila reynslu sinni og koma í framkvæmd aðgerðum sem fyrirbyggja öfgahyggju (e. violent extremism) og ofbeldisfulla hegðun í aðildarborgunum. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um aðild Reykjavíkurborgar. Á þessum vettvangi er hægt að fá ráðgjöf sérfræðinga á ýmsum sviðum sem tengjast áðurnefndum viðfangsefnum.. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Öruggir skemmtistaðir

Öruggir skemmtistaðir er verkefni og samkomulag á milli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Ríkislögreglustjóra, Neyðarlínunnar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Samtaka ferðapjónustunnar og Samtaka reykvískra skemmtistaða. Markmið verkefnisins er að skemmtistaðir í Reykjavík séu ofbeldislausir og öruggir, fyrir alla gesti og starfsfólk. Stefnt er að því að fyrirbyggja allt mögulegt ofbeldi á skemmtistöðum, þ.m.t. kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni, vændi og mansal. Þá er einnig markmiðið að fyrirbyggja ofbeldi sem byggist t.d. á rasisma og öðrum fordómum og hatri, svo sem í garð innflytjenda eða hinsegin fólks. Samkomulagsaðilar hafa samþykkt aðgerðir og stefnu til að ná markmiðinum en þrjátíu skemmtistaðir eru þátttakendur í verkefninu. Mikilvægur hluti verkefnisins er stór samráðsfundur allra aðila að samkomulaginu sem haldinn er á ári hverju, þar sem rætt er um þær áskoranir sem aðilarnir standa frammi fyrir. Þá eiga allir samningsaðilar fulltrúa í sérstöku teymi sem fundar ársfjórðungslega til að meta árangur samkomulagsins.

Námskeið fyrir dyraverði

Námskeið fyrir dyraverði er haldið af Mími símenntun í samstarfi við Reykjavíkurborg og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og tengist verkefninu Öruggir skemmtistaðir. Námskeiðið er ætlað starfandi dyravörðum og/eða þeim sem hyggjast starfa við dyravörslu. Að námskeiði loknu geta þátttakendur sótt um dyravarðaskírteini sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefur út, en skírteinið gildir í þrjú ár. Á námskeiðinu fjalla fulltrúar Reykjavíkurborgar um fjölbreytni gesta og áhrif fordóma og staðalmynda á samskipti við mismunandi hópa. Fjallað er sérstaklega um innflytjendur, hinsegin fólk og fatlað fólk. Þá er einnig fjallað um kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni. [Dyravarðanámskeið kennt á íslensku | Mímir - Vertu meira!](#)

Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi

Hjá Barnavernd Reykjavíkur er starfrækt símavakt sem m.a. veitir starfsfólki í skóla og frístundastarfi handleiðslu og ráðgjöf. Hægt er að hafa samband við vakthafandi ráðgjafa á símavakt alla daga á skrifstofutíma. Auk þess sækir deildarstjóri í bráða- og viðbragðsteymi mánaðarlega fundi á miðstöðvum. Þangað koma einnig stundum fagstjórar í skólum. Tilgangur fundanna er m.a. að veita ráðgjöf og upplýsingar um vinnslu barnaverndarmála.

Þjónusta við börn og fjölskyldur

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þjónustu við börn og fjölskyldur. Þessi vinna fer að miklu leyti fram á miðstöðvum borgarinnar en einnig á borgin í miklu samstarfi við aðila utan borgarinnar, bæði ríki og frjáls félagasamtök sem hafa það markmið að styðja við börn og fjölskyldur þeirra.

Áfallamiðuð nálgun

Reykjavíkurborg leggur áherslu á áfallamiðuða nálgun í starfi sínum með börnum og fjölskyldum, þar má nefna **Solihullnálgunin** sem Keðjan sem vinnur eftir. Solihullnálgunin horfir til mikilvægis tengslamyndunar og tilfinningalegrar líðan barns til að vinna úr áföllum og vanda sem fjölskyldan glímir við. **Sign of safety** er gagnreynd hugmyndafræði sem verið er að innleiða í barnavernd og á miðstöðvum sem er samræmt verklag og verkfæri til að vinna með börnum, foreldrum og tengslaneti þeirra. Lögð er áhersla á öryggi barnsins, að vinna með áföll og tilfinningavanda barnsins. Verið er að innleiða **Heillaspor** í tvö skólahverfi í borginni en áhugi er á að innleiða það í alla skóla og miðstöðvar borgarinnar. Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi, með því að styðja við tengsla- og áfallamiðuðri nálgun í vinnu með nemendum.

Barnavernd Reykjavíkur

Samkvæmt barnaverndarlögum er það hlutverk barnaverndarþjónustu að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Barnavernd Reykjavíkur fer með þetta hlutverk í Reykjavík. Leitast er við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Í barnaverndarlögum er einnig kveðið á um að allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða sýna þeim aðra vanvirðandi háttsemi.

Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er m.a. lögð áhersla á snemmtækan stuðning, samþætta þjónustu og eftirfylgd. Reykjavíkurborg hefur lagt mikla áherslu á að laga vinnubrögð og áherslur að þeim með verkefninu Betri borg fyrir börn.

Hlutverk barnaverndarþjónustu er eftirfarandi:


- **Eftirlit:** Barnaverndarþjónustur skulu kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
- **Úrræði:** Barnaverndarþjónustur skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
- **Önnur verkefni:** Barnaverndarþjónustur hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í barnaverndarlögum og öðrum lögum.

Tafla 1 og mynd 5 sýna fjölda barna sem tilkynnt var um að byggju við ofbeldi og fjölda tilkynninga vegna ofbeldis þar sem fleiri en ein tilkynning geta snúið að sama barninu 2015 til 2024. Tafla 3 sýnir tegund ofbeldis sem tilkynnt er vegna og fjölda barna.

Tafla 2 og mynd 6 sýnir fjölda tilkynninga vegna ofbeldis sem börn beita og fjölda barna sem tilkynningarnar eru um en fleiri en ein tilkynning geta verið um sama barn.

Tafla 1. Fjöldi barna sem tilkynnt er um að búi við ofbeldi og fjöldi tilkynninga

Ár	Fjöldi barna	Fjöldi tilkynninga
2015	647	869
2016	713	1.019
2017	721	1.072
2018	637	930
2019	753	1.070
2020	840	1.317
2021	813	1.238
2022	777	1.118
2023	733	1.081
2024	826	1.300



Mynd 5. Fjöldi barna sem tilkynnt er um og fjölda tilkynninga vegna ofbeldis gagnvart börnum 2015 til 2024


Tafla 2. Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur um ofbeldi gagnvart börnum 2015 til 2024 eftir því um hvers konar ofbeldi var að ræða

		2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Kynferðislegt ofbeldi	Fjöldi barna	141	108	116	105	136	117	175	193	142	133
	Fjöldi tilkynninga	175	130	153	142	165	142	213	245	198	163
Líkamlegt ofbeldi	Fjöldi barna	165	200	235	205	214	276	289	288	264	322
	Fjöldi tilkynninga	214	255	286	245	237	353	391	384	358	485
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	Fjöldi barna	397	452	429	377	465	555	440	365	389	456
	Fjöldi tilkynninga	480	634	633	543	668	822	634	489	525	652
Samtals	Fjöldi barna	647	713	721	637	753	840	813	777	733	826

	Fjöldi tilkynninga	869	1.019	1.072	930	1.070	1.317	1.238	1.118	1.081	1.300
--	--------------------	-----	-------	-------	-----	-------	-------	-------	-------	-------	-------

Tafla 3. Fjöldi barna sem tilkynnt er um að beiti ofbeldi og fjöldi tilkynninga þar um.

Ár	Fjöldi barna	Fjöldi tilkynninga
2015	110	158
2016	111	145
2017	123	180
2018	135	204
2019	129	206
2020	157	255
2021	164	278
2022	182	293
2023	226	354
2024	235	381



Mynd 6. Fjöldi barna sem tilkynnt er um að beiti ofbeldi og fjöldi tilkynninga þar um.

Aðgerðarhópur vegna ofbeldis á milli barna og gegn börnum

Reykjavíkurborg á sæti í aðgerðarhóp um víðtækar aðgerðir vegna ofbeldis á milli barna og gegn börnum á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. [Aðgerðarhópur - stöðuskýrsla](#)

Verkefnastjóri foreldrasamstarfs

Á skóla- og frístundasviði starfar verkefnastjóri foreldrasamstarfs sem liðsinnir og er í samstarfi við foreldrafélög í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.

Heilsueflandi skólar

Fjölmargir leik-, grunn- og framhaldsskólar í Reykjavík eru Heilsueflandi skólar og þar eru meðal annars gátlistar sem snúa að öryggi og að geðrækt. Heilsueflandi skólar vinna markvisst að jákvæðum skólabrag og þar er reynt er að koma í veg fyrir hverskyns ofbeldi. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Samstarfsyfirlýsing um samræmt verklag vegna barna í viðkvæmri stöðu

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á við í öllum hverfum borgarinnar. Markmiðið með samstarfsyfirlýsingunni er að auka líkurnar á farsæld barna með því að efla samvinnu þeirra aðila sem sinna börnum, s.s. leik- og grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, barnaverndar, félagsþjónustu, félagasamtaka og annarra stofnana s.s. lögreglu, sýslumanna og heilbrigðiskerfisins. Er yfirlýsingin hugsuð sérstaklega fyrir þá samstarfsaðila sem hafa snertiflöt við börn sem teljast vera í viðkvæmri stöðu vegna ýmiskonar ofbeldis og vanrækslu.

Samráðsfundur vegna samstarfsyfirlýsingarinnar

Tvisvar sinnum á ári fundar samráðshópur vegna samstarfsyfirlýsingar um börn í viðkvæmri stöðu í hverju hverfi fyrir sig. Markmið fundanna er að fara yfir heildarstöðuna í hverjum borgarluta fyrir sig og eru málefni einstakra samstarfsaðila rædd. Öllum samstarfsaðilum yfirlýsingarinnar erboðið á fundina til viðbótar við farsældarteymin.

Fulltrúar frá leikskólum, grunnskólum, félagsmiðstöðvum og forvarnarfulltrúi borgarmiðstöðvar taka þátt í fundunum. Markmið teymisins er að hafa yfirsýn yfir stöðuna í hverju hverfi fyrir sig bregðast við ef upp koma mál.

Ráðgjafa og stuðningsteymi vegna óæskilegrar kynferðislegrar hegðunar barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Teymið er skipað fulltrúum úr öllum miðstöðvum borgarinnar auk fulltrúa skólahjúkrunarfræðinga og fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur er formaður teymis en veitir ráðgjöf, stuðning og fræðslu eftir þörfum til stjórnenda, starfsfólks og barna og unglinga þegar upp koma kynferðisbrotamál í skóla- og eða frístundastarfi. Fulltrúar teymisins á hverri miðstöð geta brugðist fljótt við málum sem upp koma. Teymið veitir forvarnarteymum skóla stuðning.

Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks

Sjúk ást er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hafa unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti. Efnið er tekið fyrir í hverri félagsmiðstöð fyrir skemmtunina Samfestinginn. Upplýsingaefnið Sjúk ást hefur verið notað mikið af borginni. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Stopp ofbeldi er námsefni fyrir öll skólastig um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni, unnið af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Örugg saman er námsefni fyrir 9. og 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með til að draga úr ofbeldi í nánnum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Vika6 er sjötta vika hvers árs. Í þeirri viku er starfsfólk grunnskóla og félagsmiðstöðva borgarinnar hvatt til að setja kynheilbrigði í forgrunn og bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu. Jafnréttisskóli Reykjavíkur

stýrir Viku6 en unglingar borgarinnar kjósa þema á hverju ári. Unnið er út frá hugmyndum um alhliða kynfræðslu. [Sjá upplýsingar á vef borgarinnar.](#)

Eineltisáætlanir og gátlisti gegn einelti.

Allir skólar í borginni eru með eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja einelti og uppræta þegar grunur er um slíkt. Gátlisti gegn einelti er leiðbeinandi fyrir þá sem vinna að gerð áætlana gegn einelti á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Slíkt fyrirkomulag samræmir áætlanir um forvarnir, inngrip og eftirfylgni í eineltismálum í öllum hverfum borgarinnar.

Stuðningsviðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi

Börn sem verða vitni að heimilisofbeldi fá stuðning með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga. Viðtölin eru 1-3 og fleiri ef þörf er á. Markmiðið er að styðja við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi og auðvelda þeim að fóta sig.

Brúarsmiðir

Markmið brúarsmiða er að byggja brú á milli fjöltyngdra barna, foreldra þeirraog starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Brúarsmiðir MML bjóða upp á millimenningarfræðslu fyrir starfsstaði SFS. Þar er fjallað um mismunandi menningarheim og starfsfólki kynntir menningarheimar barna sem þeir vinna með. Árlega er boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi sem ber nafnið Brú milli landa þar sem menning tiltekinna landa er kynnt, auk skólastarfs, uppeldishugmynda og hefða í viðkomandi. Þessi námskeið hafa verið haldin allt að sex sinnum á ári síðustu árin og er nú auglýst á Torginu.

Nú er mögulegt fyrir starfsólk á fleiri sviðum borgarinnar að sækja þessi námskeið. Á vegum MML hafa auk þessa m.a. verið útbúin myndbönd um menningarheima nokkurra landa og landsvæða, fyrirmyndir af erlendum uppruna í íslensku samfélagi Myndböndin eru hýst á heimasíðu borgarinnar. [Sjá upplýsingar á vef borgarinnar.](#)

Foreldrum af erlendum uppruna er einnig boðið upp á fræðslu um skólakerfið á Íslandi, hefðir innan þess og einfaldlega hlutverk foreldra barna í skólum. Brúarsmiðir standa fyrir þessari fræðslu. [Sjá upplýsingar á vef borgarinnar.](#)

SAMAN-hópurinn

SAMAN-hópurinn er Grasrótahópur um forvarnir og stuðning við foreldra í uppeldishlutverkinu. Reykjavíkurborg tekur virkan þátt í SAMAN hópnum með þátttöku tveggja fulltrúa sem eru starfsmenn borgarinnar. Starf hópsins miðar að því að styrkja og styðja foreldra í sínu uppeldishlutverki. Lögð er áhersla á mikilvægi ábyrgðarinnar sem felst í umönnun og uppeldi barna sinna áhersla er á mikilvægi þess foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. [Sjá upplýsingar hér.](#)

NEET hópurinn

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 341 ungmenni á aldrinum 16 og 17 ára hvorki í námi, starfi né starfsþjálfun árið 2020 og féllu undir NEET skilgreininguna (e. Not in education, employment or training). Um 2500 ungmenni á aldrinum 16-24 ára eru í NEET hópnum sem leiðir í ljós að hlutfall ungmenna sem eru hvorki í námi, starfi né starfsþjálfun hækkar eftir því sem þau verða eldri. Því er mikilvægt að veita snemmtækan stuðning fyrir ungmenni sem tilheyra þessum hópi. Stofnað var verkefnateymi með fulltrúum frá MMS, Vinnumálastofnun, Geðheilsumiðstöð barna hjá HH, Virk, RLS,

Reykjavíkurborg, MRN og BOFS til að kortleggja fjölda ungmenna á aldrinum 16-17 ára sem eru hvorki í námi né vinnu. Hugað verður sérstaklega að þeim hindrunum sem mæta ungmennum í kerfinu.

Flotinn – Flakkandi félagsmiðstöð

Flotinn er samstarfsverkefni frístundamiðstöðva í borginni. Starfsfólk Flotans sinnir vettvangsstarfi í hverfum borgarinnar utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Farsældarþjónusta

Ný lög um farsæld barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Markmið laganna er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Velkomin í hverfið þitt

Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda frá 2017 er lögð áhersla á að taka vel á móti öllum nýjum íbúum. Móttaka og aðlögun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er einn af lykilþáttum í farsælli inngildingu í íslenskt samfélag. Móttökuáætlun grunnskóla er lögbundin og er það stefna Reykjavíkurborgar að leikskólar hafi verklag um móttöku nýrra barna. Í móttökuáætluninni „Velkomin í hverfið þitt“ er lögð áhersla á heildræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna með börn á leik- og grunnskólaaldri þar sem áhersla er á velferð barna og unglinga. Að verkefninu koma fulltrúar grunnskóla sem er fyrsti áfangastaður í móttökunni, fulltrúar leikskóla ef barn er á leikskólaaldri, fulltrúi frístundamiðstöðvarinnar og fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar. [Velkomin í hverfið mitt | Workplace](#)

Verkefni á vegum Hins hússins

Jafningjafræðsla Hins hússins er fræðslu- og forvarnarstarf á vegum Hins Hússins sem gengur út á að ungt fólk fræði jafnaldra sína um málefni ungs fólks. Hvert sumar fara fræðarar Jafningjafræðslunnar í vinnuskólahópa Reykjavíkurborgar og veita fræðslu um ýmis málefni sem brenna á ungu fólki, m.a. ofbeldi, kynlíf, vímuefni, geðheilbrigði, kynþáttafordóma og hinseginleika. Hugmyndafræðin á bak við fræðsluna er sú að ungu fólki gangi betur að ná til jafnaldra sinna um málefni er snerta þau en fullorðnir (e. peer to peer education). Fræðararnir eru á bilinu 16-19 ára og því á mjög svipuðu reiki og ungmennin sem þeir fræða. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Tengjumst/Connect - Virkninámskeið fyrir ungt flóttafólk er virkniúrræði eða námskeið sem haldið er í samstarfi við samræmda móttöku flóttafólks hjá Reykjavíkurborg. Námskeiðið er fyrir flóttafólk á aldrinum 16 til 18 ára. Tilgangur námskeiðsins er að koma ungmennum sem hlotið hafa alþjóðlega vernd eða fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum og falla undir NEET-hópin (e. Not in Education, Employment or Training) í virkni.

Vinatengsl/Friend zone hefur að markmiði að bæta félagslega virkni fyrir flóttabörn (og eftir atvikum börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd) á aldrinum 16 – 18 ára. Um er að ræða sértækt hópastarf fyrir ungmenni sem hafa hlotið alþjóðlega vernd á Íslandi (eða eru umsækjendur um alþjóðlega vernd). Verkefnið er unnið í samstarfi við samræmda móttöku flóttafólks hjá Reykjavíkurborg og styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu. Markmið verkefnis er að styðja við velliðan og félagslega virkni.

Hitt Húsið í samstarfi við Minningarsjóð Egils Hrafns mun standa fyrir frístundanámskeiði sem hófst 5. febrúar 2025. Um er að ræða virkninámskeið styrkt af Minningarsjóði Egils Hrafns. Námskeiðið er ætlað ungu fólki á aldrinum 16-20 ára en þar fæa þátttakendur kynningu á ólíkum tegundum frístundastarfs

sem stendur ungu fólki til boða í Reykjavík. Einnig er lögð áhersla á sjálfsstyrkingu, markmiðasetningu og hópefli. Ef fjármagn verður til staðar verður annað frístundanámskeið með svipuðu sniði haldið næsta vetur.

Fræðsluvika vinnuskólans

Í fræðsluviku vinnuskólans fá leiðbeinendur fræðslu um ofbeldismenningu, birtingarmyndir hennar og hagnýt tól til þess að bregðast við ofbeldi komi það upp í þeirra hópum. Fræðslan fer fram á nokkrum tungumálum. Þá er starfsemi Flotans kynnt. Auk þess fá leiðbeinendur fræðslu um fjölmenningu, kynsegin fræðslu og fræðslu um kynþáttafordóma og birtingarmyndir þess.

Sammála

Sammála er verkefni sem skólar, frístundaheimili eða félagsmiðstöðvar geta nýtt í starfi til þess að styðja við tengslamyndun barna og jákvæð viðhorf til tungumála og fjölmenningar. Frekari upplýsingar má finna hér. [Sjá hér á vef borgarinnar.](#)

Vettvangsstarf félagsmiðstöðva og foreldrarölt

Félagsmiðstöðvar borgarinnar sinna reglulega vettvangsstarfi í þeim hverfum sem þær starfa. Vettvangsstarfið er mikilvægt fyrir hverja félagsmiðstöð til að kortleggja unglingshópinn og fá rétta sýn á t.d. fjölda þeirra sem eru úti eftir að útivistartíma lýkur, eru ekki virk í skipulögðu frístundastarfi, eru hætt að mæta í skólann og/eða farin að sýna áhættuhegðun. Vettvangsstarf er skipulagt í kringum stærri viðburði, svo sem Menningarnótt, 17. júní, Reykjavík Pride, tónlistarhátíðir og fleira tilfallandi. Vettvangsstarf í hverfum getur farið fram hvenær sem hentar og eins oft og þörf er talin á. Til viðbótar starfrækja foreldrafélög í mörgum hverfum foreldrarölt og oftast er gott samstarf milli vettvangsstarfs félagsmiðstöðva og foreldraröltins.

Samstarf sveitarfélaga og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu um málefni unglinga

Forvarnarfulltrúar í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Árborg og Reykjanesbæ hafa fundað mánaðarlega frá því að Covid-19 faraldurinn hófst. Hópurinn hittist á fjarfundum til að miðla upplýsingum um forvarnarmál og óæskilega hópamyndun barna og ungmenna. Börn og ungmenni eru ekki jafn bundinn í hverfunum og áður var með aukinni notkun samfélagsmiðla og fjölbreyttari samgöngumáta, sem hefur ákveðnar áskoranir í för með sér

Sértækt hópastarf

Árið 2017 var stefna um frístundabjónustu í Reykjavík til 2025, innleidd. Fjármagn til sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum var aukið og frá þeim tíma hafa félagsmiðstöðvarnar bætt verulega í sértækt hópastarf. Í sértæku hópastarfi er lögð áhersla á forvarnir og að efla félagslega stöðu barna og unglinga. Með hópastarfi er hægt að taka tillit til jafningjahópsins og áhrifa hans frekar en að einblína á einstaklinginn óháð félagslegu samhengi. Með innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar skilgreindir þjónustuveitendur. Þar með taka forstöðumenn frístundastarfsins virkan þátt í lausnarleit og sértækt hópastarf er meðal verkfæra sem þeir hafa til að koma til móts við börn í vanda. .

Sexan

Sexan er stuttmyndakeppni á landsvísu fyrir nemendur í 7. bekk til að auka meðvitund um stafrænt ofbeldi. Grunnskólar keppa sín á milli um bestu stuttmyndirnar sem eru sýndar á KrakkaRÚV, auk þess sem allir grunnskólar á landinu fá myndirnar til sýningar í kennslu um stafrænt ofbeldi. Verkefnið byggir

á hugmyndafræði jafningjafraeðslu þar sem börn búa til stuttmyndir um birtingarmyndir ofbeldis fyrir jafnaldra sína. Markmið Sexunnar árið 2025 er að ná til ungmenna af erlendum uppruna, þeirra sem eru félagslega einangruð og ungmenna með fötlun. Að Sexunni standa Neyðarlínan, RLS, Reykjavíkurborg, SÍS, Jafnréttisstofa, MMS, BOFS, RÚV, Fjölmíðlanefnd, samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs, Barnaheill og heilsueflandi grunnskóli. [Sexan stuttmyndakeppni - til að fræða krakka um stafrænt ofbeldi](#)

Aðgerðahópur um ofbeldi meðal barna og ungmenna

Vegna þeirrar miklu vinnu og samstarfs sem átt hefur sér stað á milli ráðuneyta og hagaðila hefur skapast tækifæri til að fylgja eftir innleiðingu aðgerða þvert á kerfið og meta árangur þeirra. Til þess að vinna að heildstæðri innleiðingu og framkvæmd skipaði mennta- og barnamálaráðherra aðgerðahóp með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN), dómsmálaráðuneytisins (DMR), innviðaráðuneytisins (IRN), heilbrigðisráðuneytisins (HRN), Sambands Íslenskra sveitarfélaga (SÍS), Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS), Heimili og skóla, Reykjavíkurborgar, Barna- og fjölskyldustofu (BOFS), heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), embættis ríkislögreglustjóra (RLS) og lögregluembættis. Hópurinn tók til starfa 4. september 2024. Með markvissri innleiðingu aðgerða og eftirfylgni er ekki einungis verið að mæta þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin hér á landi heldur gefst einnig kostur á að varpa ljósi á umfang og eðli vandans og þróa bestu starfshætti fyrir Ísland. Slíkt er afar þarft til að tryggja viðeigandi viðbrögð og úrræði, auk þess sem það dregur úr líkum á ófyrirséðum neikvæðum afleiðingum inngrips. Aðgerðahópurinn mótar áætlun um framkvæmd og innleiðingu aðgerða og skilar stöðuskýrslum til mennta- og barnamálaráðherra, dómsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra sem og ráðherranefndar um málefni barna og þingmannanefndar um málefni barna.

Miðbæjarathvarf

Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni lögreglu, miðstöðvar borgarhlutanna, félagsmiðstöðva og Flotans. Markmið þess er að uppræta óæskilega hópamyndun barna og unglinga, sporna gegn vímuefnaneyslu, vinna gegn ólöglegri útivist barna yngri en 16 ára, fræða börn um útivistarreglur, styðja foreldra í að halda útivistarreglur, fylgjast með ástandi unglinga á vettvangi og aðstoða börn í vanda og koma á vinnslu í Miðstöð.

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs

Samskiptaráðgjafi á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins stýrir fræðslu og viðbrögðum í starfi íþróttafélaganna. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Samstarfssamningur ÍBR og MÍR

Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur f.h. aðildarfélaga sinna hafa gert með sér samstarfssamning sem fjallar um samskiptamál, styrkveitingar, rekstur, framkvæmdir og önnur sameiginleg hagsmunamál einkum í barna- og unglिंगastarfi. Í samningum segir meðal annars að ÍBR og íþróttafélögin skuli sjá til þess að íþróttastarf sé inngildandi og öll njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Tilgreint er í samningnum að íþróttafélögin skuli hafa siðareglur og áætlanir um viðbrögð við hvers kyns ofbeldis og til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum. [Sjá upplýsingar um samstarfssamninginn hér.](#)

Lausnateymi í leik- og grunnskólum borgarinnar

Lausnateymi eru teymi innan leik- og grunnskóla Reykjavíkur sem sjá um að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim. Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Málið getur varðað einstaka börn eða barnahópa í námi þeirra, starfi og leik. Ávallt skal upplýsa forsjáraðila um að leita eigi ráða varðandi málefni barna þeirra hjá lausnateymi.

Ferill mála þegar upp kemur ofbeldi í skóla- eða frístundastarfi

Fyrsta skref er að ræða við viðkomandi barn/börn og foreldra þess/þeirra. Ef á þarf að halda er málið tekið upp í lausnateymi skólans í samráði við foreldra. Þar er staðan kortlögð og leitað lausna fyrir einstaka barn og jafnvel hópinn í heild. Jafnframt er skoðað hvort þörf sé á að boða til foreldrafundar t.d. með foreldrum árgangsins til að upplýsa um stöðu mála og óska samstarfs um vinnslu máls. Ef þörf er á frekari aðstoð getur lausnateymið sent beiðni um bráðamál eða stuðningsviðtöl á miðstöð. Einnig þarf að meta þörf á aðstoð fyrir hluta hópsins eða hópinn í heild sinni og óska eftir stuðningi frá miðstöð. Innan miðstöðva og frístundastarfs er fjölbreytt fagþekking starfsmanna, s.s. kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa, farteymis, félagsráðgjafa, sálfræðinga, frístundaráðgjafa og annarra ráðgjafa og þar er gerð áætlun um hvernig best sé að vinna hvert mál fyrir sig.

Samþætting þjónustu er kynnt foreldrum og/eða barni eftir eðli máls, þar sem samstarf barns, foreldra og ólíkra þjónustuveitenda er skilgreint í gegnum stuðningsteymi og unnið eftir sameiginlegri stuðningsáætlun skv lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Unnið er eftir stigskiptri þjónustu samkvæmt verklagi Betri borgar fyrir börn og [farsældar barna](#) í Reykjavík.

Samráð með barnavernd og lögreglu

Mánaðarlegir fundir með verkefnastjórum forvarna úr miðstöðvum borgarinnar, barnavernd, lögreglu, unglingaráðgjöfum og deildarstjóra unglingsstarfs. Á fundunum er farið yfir stöðuna í hverfum borgarinnar, hópamyndun og heita reiti sem þarf að vakta. Flotinn hefur komið inn á þennan fund og er kallaður sérstaklega til ef þarf.

Nemendaverndarráðsfundir

Félagsráðgjafar og sálfræðingar barna- og fjölskyldudeildar sitja nemendaverndarráðsfundi með fulltrúum grunnskóla í Reykjavík. Á fundunum er fjallað um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið með samþykki foreldra. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf á og í hvaða farveg málið fer í kjölfarið.

Forvarnar- og lýðheilsuteymi miðstöðva borgarhlutanna

Forvarna- og lýðheilsuteymi hefur það að markmiði að útfæra forvarna- og lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaráætlanir sem tengjast ofbeldi og forvörnum. Í teyminu sitja hinir ýmsu fagaðilar miðstöðvanna sem vinna að málefnum barna í borgarhlutanum.

Forvarnar- og viðbragðsteymi borgarhlutanna

Í hópunum sitja fulltrúar grunn- og leikskóla, frístundamiðstöðva, ungmennahúsa, íþrótta- og æskulýðsfélaga, lögreglu, heilsugæslu, velferðarþjónustu, foreldrafélaga, íþrótta- og

menningarmiðstöðva, frjálsa félagasamtaka og annarra lykilaðila í málefnum barna og unglunga. Markmið hópsins er að vinna að stefnumótun í forvörnum fyrir borgarhlutann út frá sérstöðu hans.

Farsældarteymi borgarhlutanna

Markmið teymisins er kortlagning og viðbragð vegna hópamyndunar barna og unglunga og annarrar áhættuhegðunar í borgarhlutanum. Fulltrúar grunnskóla, framhaldsskóla, lögreglu, íþróttafélaga, miðstöðva og félagsmiðstöðva sitja fundina. Auk þess er unnið með foreldrafélögum í borgarhlutanum

Samráð borgarhlutanna með framhaldsskólum

Tilgangurinn er að auka samstarfið á milli framhaldsskólanna í hverfinu, stytta boðleiðir og taka fyrir þau málefni sem upp koma. Um er að ræða samráð miðstöðva, framhaldsskóla og annarra sem koma sérstaklega að málefnum aldurhópsins í hverjum borgarhluta fyrir sig.

Foreldrarölt í borgarhlutanum

Miðstöðvar, félagsmiðstöðvar og grunnskólar borgarhlutanna ásamt lögreglu hvetja til og styðja við frumkvæði foreldra að foreldrarölti eða hverfarölt.

Samráðsfundir Barna- og fjölskyldudeildar og Barnaverndar Reykjavíkur

Mánaðarlegir fundir þar sem farið er yfir sameiginleg mál Barna- og fjölskyldudeildar á miðstöðvunum og barnaverndar Reykjavíkur.

Aðgerðir gegn ofbeldi í starfi frístundamiðstöðva

Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili skóla- og frístundasviðs fylgja öryggisverkferlum þar sem finna má leiðbeiningar um viðeigandi skref til að tryggja öryggi starfsfólks og nemenda. Verkferlarnir taka til eftirfarandi atriða:

- Undirbúningi viðburðar
- Framkvæmd viðburðar
- Ferðir með ungmennum, stuttar og langar
- Vettvangsstarfi
- Atvikaskráningu
- Einstaklingssamtali
- Samskipti við foreldra
- Einelti
- Minniháttar hegðunarfrávik
- Alvarleg hegðunarfrávik
- Smávægilegir áverkar
- Alvarleg slys
- Tannslýs
- Leiðbeiningar um ritun barnaverndartilkynningar.

Aðrar aðgerðir frístundamiðstöðva sem vert er að nefna hér:

- Fjölbreytt sértækt hópastarf með börn og unglunga á miðstigi og unglingastigi í öllum félagsmiðstöðvum. Í slíku starfi er unnið markvisst með menningu í hópum, samskipti, viðhorf, félagsfærni, sjálfsþekkingu, vinatengsl, viðhorf í tengslum við áhættuhegðun og ofbeldi, líkamsvirðingu, sjálfsmildi, samkennd, virðingu og mörk.
- Sértæk vinna félagsmiðstöðva með einstaklinga og hópa á skólatíma í samstarfi við skóla og skólalþjónustu.
- Þátttaka félagsmiðstöðva og frístundaheimila í lausnateymum.
- Félagsmiðstöðva-, lýðræðis og tómstundafræðival kennt á skólatíma á vegum félagsmiðstöðvanna.
- Sértækur stuðningur og einstaklingsáætlanir í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum þar sem sótt er um stuðning hjá ráðgjafabroskaþjálfara frístundaskrifstofu SFS og unnin er einstaklingsáætlun fyrir barnið í samstarfi við foreldra og eftir atvikum, barnið sjálft, þar sem sett eru fram markmið og leiðir. Til að mynda er hægt að sækja um stuðning fyrir börn sem endurtekið beita ofbeldi.
- Nemendaráð. Félagsmiðstöðvar og félagsstarfskennarar skóla hafa umsjón með nemendaráðum og styðja við kjörna fulltrúa unglunganna í að stýra félagsstarfi innan skóla og félagsmiðstöðvar.
- Ferðir með unglingahópa, útilega og aðrar gistiferðir með unglingahópa út fyrir borgina þar sem leitast er við að efla liðsheild innan unglingahópa, styðja við og leiðbeina varðandi heilbrigð samskipti, félagsfærni og tengslamyndun. Auk þess er markmiðið að skapa unglingum nýja þekkingu, reynslu og jákvæða upplifun með fullorðnum fyrirmyndum í öruggu umhverfi félagsmiðstöðvarinnar.
- Fjölbreytt þróunarverkefni félagsmiðstöðva þar sem unnið er með ofbeldisforvarnir og jákvæð félagsleg tengsl, t.d. vinahópar, Hinsegin fyrirmyndir, loftslagsverkefni, Stúdíóvinna, rafíþróttaklúbbur o.fl.
- Reynslunám Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er verkefni sem snýr að því að bjóða félagsmiðstöðvastarfsfólki úr öllum félagsmiðstöðvum borgarinnar í reynslunám í starfi Hinsegin félagsmiðstöðinni með það að markmiði að fræða starfsfólk um tæki og tól sem þau geta nýtt í starfi í sinni félagsmiðstöð. Jafnframt er markmiðið að veita stuðning í baráttu gegn hinsegin fordómum, tryggja að starfsemi allra félagsmiðstöðva sé hinseginvæn og skapa þannig öruggt rými fyrir hinsegin börn og unglunga til að taka þátt í frístundastarfi í sínu nærumhverfi.
- Foreldrarölt. Félagsmiðstöðvar styðja við foreldrarölt með því að útbúa skráningarskjöl, afhenda vesti, gefa hagnýt ráð um framkvæmd foreldraröltis og hvetja foreldra reglulega til þátttöku.
- Vettvangsstarf félagsmiðstöðva í öllum hverfum borgarinnar, í tengslum við stærri viðburði eða þegar þörf er á, t.d. vegna aukinnar hópamyndunar á ákveðnum svæðum, meðal annars eftir að útivistartíma lýkur á kvöldin.
- Samráð félagsmiðstöðva um forvarnir gegn áhættuhegðun og ofbeldi. Reglulegir fundir fulltrúa félagsmiðstöðva úr öllum hverfum borgarinnar með það að markmiði að kortleggja stöðu á áhættuhegðun og ofbeldismenningu, taka höndum saman um unglungana í borginni og draga úr áhættuþáttum í umhverfi þeirra.
- Regluleg markviss kortlagning í félagsmiðstöðvum á stöðu mála hvað varðar áhættuhegðun og ofbeldi barna og unglunga.
- Regluleg markviss kortlagning í félagsmiðstöðvum á stöðu mála hvað varðar félagslegt tengsl og líðan barna og unglunga.
- Félagsmiðstöðvarnar vinna eftir [Leiðbeiningum fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva](#) um viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

Aðgerðir og verkefni í hverfum borgarinnar sem snúa að viðbrögðum við ofbeldi og ofbeldisvörnum

Í Reykjavík eru fjórar miðstöðvar þar sem íbúar geta fengið þjónustu, stuðning og ráðgjöf á sviði velferðar-, skóla- og frístundamála. Ýmis verkefni sem beinast að ofbeldisvörnum eru á könnu miðstöðvanna enda starfsemin öguð að aðstæðum í hverju hverfi fyrir sig. Verkefni og verklag miðstöðva borgarhlutanna eru að flestu leiti eins en taka þó mið af sérstöðu hvers borgarhluta með ýmiskonar tilraunaverkefnum og útfærslu á sameiginlegur verkefnum.

Austurmiðstöð

Fræðslukvöld fyrir foreldra

Austurmiðstöð stendur fyrir fræðslukvöldum fyrir foreldra þar sem tekin eru fyrir valin viðfangsferni sem koma frá foreldrum í hverfum Austurmiðstöðva. Þetta eru viðfangsferni eins og lívíði barna og unglinga, félagsfærni, seigla, svefn, kynfræðsla fyrir foreldra í framhaldi af Viku6, samfélagsmiðlar, Hinseginleikinn 101 og fleira.

Hringekjan

Samstarfsverkefni Austurmiðstöðvar, skóla og félagsmiðstöðva/frístundaheimila. Úrræði þar sem unnið er með samskiptaörðugleika sem koma upp innan árganga. Hringekjan er í boði þegar önnur vinna í skólanum hefur ekki borið árangur en hún snertir á bekkjabrag, samskiptum, mörkum samfélagsmiðlum og öðrum þáttum en einnig er unnið mikið með foreldrum.

Austurleiðin

- Verkefni þar sem unnið er með sértæka foreldrasamvinnu með áherslu á valdeflingu og samvinnu foreldra.
- Fræðsla fyrir foreldra um verndandi þætti

Ráðgjafaviðtöl við foreldra og börn og unglinga

Austurmiðstöð veitir ráðgjöf á ýmsum sviðum til foreldra, barna og unglinga.

Frístundaverkefnið

Markmið verkefnis er að styðja við virkni barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem búa við fátækt eða brotið bakland.

Vesturmiðstöð

Fróðir Foreldrar

Samstarfsverkefni allra foreldrafélaga grunnskóla sem falla undir miðstöðina, frístundamiðstöðvarinnar, íþróttafélaganna og Vestursmiðstöðvar. Haldin eru fræðslukvöld fyrir foreldra um ýmiskonar viðfangsferni sem varðar uppeldi barna og ungmenna.

Finndu Kraftinn þinn

Markmið verkefnis er að styðja við virkni barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem búa við fátækt eða brotið bakland. Sérstaklega skal hugað að börnum innflytjenda og barna á aldrinum 16-18 ára.

Virkinámskeið og stuðningur fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna (samræmd móttaka og umsókn um alþjóðlegavernd)

Í Vesturmiðstöð er boðið upp á fjölbreytt námskeið fyrir einstaklinga af erlendum uppruna:

- Valdeflandi hópstarf fyrir konur og kvár með flóttamanna bakgrunn.
- Áhugahvetjandi hópstarf fyrir arabískumælandi karla.
- Velkomin í opinn leikskóla í samvinnu við Memmplay og miðju máls og læsis sem er **þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar** sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, íslensku sem annað mál, fjöltyngi og fjölmenningu.
- Félagsleg virkni fyrir flóttabörn á aldrinum 16-18 ára í samvinnu við Hitt Húsið.
- Fjármálalæsi.
- Heilsa og hreyfing fyrir konur með flóttamannabakgrunn.

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Tjörnin býður börnum og unglingum í þessum borgarhluta upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarfar sem áhersla er lögð á forvarnir og heilbriggt og jákvætt lífverni. Hér má finna yfirlit yfir verkefni Tjarnarinnar:

- Samstarf félagsmiðstöðva Tjarnarinnar og skóla með um stuðning við Ísat-nemendur til virkrar þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi og öðrum tómstundum.
- Forvarnarverkefni félagsmiðstöðva Tjarnarinnar með stuðningi Lýðheilsusjóðs Vesturmiðstöðvar sem kallast Forvarnir, samskipti og samkennd. Í verkefninu er unnið með sértækt hópstarf í öllum félagsmiðstöðvum og uppsetningu leiksýninga í félagsmiðstöðvunum 100og1 og 105.
- Frístundaheimili Tjarnarinnar vann verkefni fyrir nokkrum árum í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Grandaskóla og Gullborg sem kallaðist opinskátt um ofbeldi. Allir starfsstaðir Tjarnarinnar hafa unnið eftir verkefninu en markmið þess er að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu gegn því. Með fylgja t.d. leiðbeiningar um hvernig ofbeldi er skilgreint til að hjálpa bæði starfsfólki og börnum að átta sig betur á því og geta þannig betur brugðist við og leiðbeint.
- Síðastliðin tvö ár starfsfólk frístundaheimila Tjarnarinnar boðist fræðsla frá sérfræðingi sem heldur námskeið um krefjandi hegðun ungra barna og gefur starfsfólki góð ráð um hvernig bregðast eigi við ögrandi og krefjandi hegðun á uppbyggilegan og faglegan máta með lágmarks inngripi. Farið er yfir helstu ástæður þess að börn beita ofbeldi og hver æskileg viðbrögð við slíkri hegðun séu og hvaða forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir hægt sé að fara í.

Suðurmiðstöð

Foreldrarölt í Breiðholti

Suðurmiðstöð, félagsmiðstöðvar og grunnskólar hafa stutt frumkvæði foreldra að foreldrarölti eða það sem sumir kjósa að kalla hverfarölt eftir vel heppnaðan íbúafund sem haldinn var 19. mars í Gerðubergi.

Þar var umræðuefnið meðal annars ofbeldi meðal barna og ungmenna. Sama kvöld og fundurinn fór fram þá fjölmenntu foreldrar í hverfarölt í hverfi 111 í merktum vestum. Þann 20 mars fór svo fram hverfarölt fjölmargra foreldra í neðra Breiðholti. Er hugur í foreldrum að halda framtakinu gangandi.

Athvarfsvakt

Að frumkvæði aðila sem starfa út frá samstarfsyfirlýsingu um stöðu viðkvæmra barna í Breiðholti hafa verið settar á fót athvarfsvaktir í mars og apríl á þessu ári (2025). Vaktirnar fela í sér að börn og ungmenni sem eru á ferð eftir hefðbundinn útivistartíma og sýna af sér ógnandi hegðun eru flutt á lögreglustöð. Í samstarfi við ráðgjafa Suðurmíðstöðvar eru þau sótt af foreldrum eða aðilum með umboð frá foreldrum. Vaktirnar hafa haft jákvæð áhrif, hópamyndun hefur minnkað í Mjódd og almennt í Breiðholti. En þó er það mat samstarfsaðila í Breiðholti að nauðsynlegt sé að vakta stöðuna áfram og meta hvort frekari aðgerða er þörf í sumar og eftirleiðis.

Stuðningur lögreglu í Breiðholti

Samvinna samfélagslögreglunnar við Flotann er mikil og eiga þau vikulega samráðsfundi í Suðurmíðstöð en verkefni þeirra spanna Reykjavíkurborg og nágrennasveitarfélög. Aðilarnir koma með ríkum hætti að stuðningi við viðburði eins og skólaskemmtanir til þess að stuðla að öryggi og eru með viðbrögð vegna ofbeldis.

Alþjóðlegt samvinnuverkefni fyrir 16 ára og eldri

Markmið verkefnisins er að valdefla og gefa 16-19 ára innflytjendum rödd í samfélaginu. Unnið er að því að mynda tengsl, skapa hóp og nýta náttúruna í innra sem ytra ferðalag. Reynslunni verður miðlað í lok verkefnis. Samstarf er við ungmenna samtökin Move-On sem starfa í Edinborg og Glasgow. Verkefnið er liður í forvarnavinnu gegn andfélagslegri hegðun þ.m.t. ofbeldi.

Norðurmíðstöð

Samvinna um almennar forvarnir í þágu barna

Samkvæmt farsældarlögnum ber þjónustuveitendum að hafa góða almenna samvinnu sín á milli með áherslu á þverfaglega þekkingu og gagnkvæma fræðslu og að taka þátt í því samstarfi sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir ásamt Forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar fjalla um bættu líðan barna og ungmenna, forvarnir í þeirra þágu og mikilvægi samstarfs milli lykilaðila sem sinna þjónustu við þau. Það felur m.a. í sér að fylgjast með stöðu barna og ungmenna í hverfinu almennt og bregðast við áhættuhegðun.

Samvinna við skólanna þegar kemur að ofbeldi og neyslu nemenda.

Í samstarfi við skólastjórnendur, deildarstjóra skóla, fagstjóra grunnskóla hefur samfélagslögreglan og verkefnastjóri í forvörnum verið innan skólans í nokkrar vikur til að kortleggja menningu, kynnst nemendum og bregðast við ásamt þeirri félagsmíðstöð sem er við skólann. Staðan er tekin í lok dags á þeim hópi sem um ræðir og rætt um aðgerðir í kjölfarið. Verkefnið er unnið í samstarfi við skólann, deild barna og fjölskyldna og skóla- og frístundaskrifstofu Norðurmíðstöðvar. Staðið er fyrir fræðslu fyrir kennara skólans um t.d. um vímuefni og áhrif þeirra á líkama barnanna.

Sumarið er tíminn.

Fræðsla og samtal við foreldra barna í 10.bekk og Kringlumýri. Samtal um sumarið eftir útskrift og áskoranir sumarsins.

Verkefni sem snúa að ofbeldi sem starfsfólk verður eða getur orðið fyrir

Fræðsla til starfsfólks borgarinnar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi

Starfsfólk fær fræðslu um stefnu Reykjavíkurborgar gegn EKKO (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) og verkferla í gegnum fræðsluferfi borgarinnar á Torginu.

Unnið er samkvæmt ákveðnum verkferlum þegar slík mál koma upp.

Bókasöfn Reykjavíkurborgar

Í starfsmannahandbók Borgarbókasafnsins er talað um áreiti og óþægilegar uppákomu, þar kemur m.a. fram að starfsfólk skuli hringja á lögreglu eða ýta á neyðarhnapp í afgreiðslu ef ástæða er til og skrá atvikið í atvikaskrá. Ef börn eða unglingar sýna af sér óæskilega hegðun er vænlegast að hafa samband við foreldra, ef hægt er, og kalla gerendur og foreldra þeirra á fund í bókasafninu. Ef starfsfólk verður fyrir áfalli eða upplifir vanlíðan í kjölfar atburðar stendur starfsfólki til boða áfallahjálp. Starfsfólki er reglulega boðið upp á fræðslu og námskeið þar sem farið er yfir þessi mál.

Sundlaugar Reykjavíkurborgar

Starfsfólk styðst við leiðarvísi um það hvernig það getur mætt erfiðri og eða ógnandi hegðun.

Fræðsluefni um ofbeldi gegn starfsfólki

Á Torginu, fræðsluefni starfsfólks Reykjavíkurborgar, má finna myndbönd um ofbeldi gegn starfsfólki. Þar er m.a. fjallað um hlutverk lögreglu, hvenær beri að tilkynna lögreglu o.s.frv. Efnið er aðgengilegt öllu starfsfólki borgarinnar.

Stuðningur við starfsfólk Reykjavíkurborgar vegna heimilisofbeldis

Ef kemur í ljós að einstaklingur sem starfar fyrir Reykjavíkurborg er þolandi heimilisofbeldis er komið til móts við viðkomandi eins og unnt er og reynt að tryggja öryggi viðkomandi á starfsstöð sinni. Til dæmis með því að huga að öryggisráðstöfunum, breyta símanúmerum, loka fyrir tölvupósta og veita, eftir aðstæðum aðra aðstoð. Slík aðstoð getur m.a. falið í sér launað leyfi eða aukinn sveigjanleika á vinnutíma- eða rými. Þá getur þolandi leitað stuðnings hjá næsta yfirmanni, mannauðsþjónustu síns sviðs eða hjá stuðnings og ráðgjafateymi á mannauðs- og starfsumhverfissviði.

Verkferlar vegna gruns um ofbeldi sem starfsfólk beitir í störfum sínum

Verkferlar þegar grunur vaknar um ofbeldi sem starfsfólk beitir þjónustuþegar eru uppfærðir einu sinni á ári ef þörf er á. Hér er m.a. átt við í skóla- og æskulýðsstarfi, og í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og aldraða á vegum borgarinnar. Verkferlarnir eru kynntir í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði einu sinni á ári.

Starfsfólk má ekki nota búnað eða aðstöðu Reykjavíkurborgar, s.s. vinnutíma, tölvubúnað, ökutæki eða annað slíkt til að beita aðra manneskju ofbeldi. Stjórnandi ræðir þá við viðkomandi og greinir frá því að Reykjavíkurborg vinni markvisst gegn ofbeldi og að óásættanlegt sé að starfsfólk borgarinnar noti eignir hennar til að beita aðra ofbeldi þó það sé ekki á sjálfum vinnustaðnum. Ef vinnustaðurinn Reykjavíkurborg fréttir af hugsanlegu broti á ofangreindu skal fylgja því verklagi sem hér er tilgreint og í samræmi við lög, reglur, verklag og kjarasamninga.

Verk í vinnslu

Aðgerðir m.a. í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

Ýmis verkefni sem er að finna í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi eru í vinnslu, þ.e. vinna við þau er hafin en henni ekki lokið. Má þar nefna eftirtalið:

Aðgerð 26 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

Starfshópur sem er m.a. að rýna leiðir til að tryggja rétt brotþola heimilisofbeldis til leigusamninga Félagsbústaða. Vinna hafin.

Aðgerð 30 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

Starfshópur til að skoða með hvaða hætti er hægt að draga úr ofbeldi gegn konum og kvárum sem eru heimilislaus og með fjölþættan vanda. Vinna að hefjast.

Aðgerð 33 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

Setja fram upplýsingaefni fyrir aldraða m.a. um fjárhagsofbeldi.

Aðgerð 52 í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

Mannauðs- og starfsumhverfissviði hefur unnið leiðbeiningar vegna ofbeldis gegn starfsfólki. Þessar leiðbeiningar verði innleiddar á hverju sviði fyrir sig. Einnig stendur til að búa til gátlista og verklag um leiðir til að auka öryggi starfsfólks og yfirfarið meðstarfsfólki með reglubundnum hætti og alltaf við nýráðningar.

Skráning varðandi ofbeldi á stofnunum Reykjavíkurborgar

Nú stendur yfir innleiðing á nýju, miðlægu atvikaskráningakerfi sem nær yfir alla borgina. Kerfið er til skráninga á atvikum er tengjast vinnuvernd starfsfólks og tjónum þjónustunotenda. Í kerfinu er m.a. gert ráð fyrir atvikum er varða ofbeldi gegn starfsfólki. Þegar það verður innleitt þá verður unnt að nálgast tölfræði um ofbeldi gegn starfsfólki á öllum fagsviðum og öllum starfsstöðum borgarinnar.

Lokaorð

Starfshópnum var falið að kortleggja upplýsingar um verkefni og aðgerðir gegn ofbeldi en var ekki falið að koma með tillögur að úrbótum. Hópurinn ákvað að taka ekki inn verkefni sem alfarið beinast að forvörnum enda ekki hluti af verkefninu. Hins vegar erlínar þarna á milli ekki alltaf kýrskýr og þess vegna eru sum verkefni sem tilgreind eru með forvarnar ívafi. Starfshópurinn ákvað einnig að hafa þau forvarnarverkefni sem til tals komu í fylgiskjali fyrir áhugasöm. Þar sem áherslan í vinnunnivar ekki á forvarnarverkefni er eflaust eitt og annað sem vantar í fylgiskjöl en getur vonandi nýstt við vinnu við tillögur að úrbótum.

Hópurinn tók þá ákvörðun að fjalla annars vegar um verkefni og aðgerðir sem eru miðlægar og ná til borgarinnar allrar og hins verkefnai sem heyra undir miðstöðvar í hverfum.

Kortlagningunni er ætlað að auðvelda yfirsýn yfir öll þau verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi og forvörnum á því sviði.

Drög að kortlagningunni voru send út til ýmissa aðila sem hópurinn var sammála um að þyrftu að lesa hana yfir til þess að gæta þess að engin verkefni gleymdust. Að því sögðu þá getur eitthvað hafa orðið út undan og er þá bent á þann möguleika að hafa samband við formann hópsins sem lagfærir þá því þessu skjali er ætlað að skapa yfirsýn yfir öll þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir á þessu sviði og er ekki höggvið í stein og því er ábendingum um viðbætur tekið fagnandi.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Tillaga borgarstjórnar um að fela mannréttindaráði að kortleggja aðgerðir borgarinnar gegn ofbeldi sem samþykkt var 4. mars 2025.

Fylgiskjal 2. Erindisbréf starfshóps sem falið var að kortleggja vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

Fylgiskjal 3. Forvarnarverkefni borgarinnar.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Tillaga borgarstjórnar um að fela mannréttindaráði að kortlegga aðgerðir borgarinnar gegn ofbeldi sem samþykkt var 4. mars 2025.

Fylgiskjal 2. Erindisbréf starfshóps sem falið var að kortleggja vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

Fylgiskjal 3. Forvarnarverkefni borgarinnar.



Mannréttindaráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2025

MSS25020124

HH

Tilkynning um afgreiðslu í borgarstjórn 4. mars 2025 - Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir gegn ofbeldi

Á fundi borgarstjórnar þann 4. mars 2024 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir gegn ofbeldi úr fyrstu aðgerðaráætlun flokkanna á grundvelli samstarfsyfirlýsingar lögð fram:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Í framhaldi skal ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verður heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skal horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áhersla skal lögð á að fagfólk fari fyrir inn í aðstæður og veiti stuðning strax. Horfa skal til verklags „Saman gegn ofbeldi“.

Tillagan var samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og Viðreisnar sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fyrsta aðgerðaáætlun nýs samstarfs er lögð fram á grundvelli samstarfsyfirlýsingar. Nýjar leiðir verða farnar í húsnæðisuppbýggingu í auknu samstarfi við verkalyðshreyfinguna; fundin betri staðsetning fyrir hjólabúa, hafið tilraunaverkefni um kjarnasamfélög og unnið markvisst gegn lóðabraski. Farið verður í heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar, unnið að nýrri hjólreiðaáætlun, ljósastýringar verða bættar, bílastæðareglur rýmkaðar og íbúakortin endurskoðuð og gerð sveigjanlegri. Þá verða starfsaðstæður í leik- og grunnskólum bættar í samvinnu við starfsfólkið, skólabókasöfnin eflað og styrkt og sérfræðingum í skólakerfinu líkt og talmeina- og sálfræðingum fjölgað. Einnig verður áhersla lögð á að fjölga enn frekar leikskólarýmum. Samstarfsflokkarnir leggja ríka áherslu á að vinna gegn ofbeldi og sér í lagi meðal ungmenna. Aðstaða dýra í Húsdýragarðinum verður bætt með áherslu á dýravelferð og sumaropnunartími sundlauga borgarinnar verður lengdur um helgar. Þung áhersla verður lögð á ráðdeild og skilvirkni í rekstri með skýrara vinnulagi um utanumhald á viðhaldi og rekstri eigna borgarinnar, aukinni skilvirkni í upplýsingamálum, endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna, bættu yfirliti um innkaup og innkaupaheimildir og hugmyndaleit um sparnaðartillögur. Samhliða því verður skerpt á keðjuábyrgð og reglulegt samtal við verkalyðshreyfinguna verður formgert.



Síðast en ekki sist verður skerpt á verkefnavali í stafrænni þjónustu og samstarf við ríkið og önnur sveitarfélög um stafrænar lausnir verður aukið.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja aðgerðaáætlun nýs meirihluta sýna metnaðarleysi í mikilvægum verkefnum í rekstri borgarinnar og þjónustu við borgarbúa. Samstarfsyfirlýsing meirihlutans er lítið annað en ófjármagnað og ókostnaðarmetið orðagjálfur án mælanlegra markmiða. Þá vekur athygli að hvergi er getið aðgerða í þágu atvinnulífssuppbýggingar, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks undirstrika mikilvægi verðmætasköpunar svo standa megi undir velferð og þjónustu borgarinnar. Ljóst er að skýrt ákall er meðal borgarbúa eftir kröftugum aðgerðum í þágu húsnæðisuppbýggingar, samgöngu- og leikskólamála í Reykjavík. Jafnframt er nauðsynlegt að ráðast að rekstri borgarinnar með skipulagsbreytingum, hagræðingu, eignasölu og skipulegri niðurgreiðslu skulda. Þakka ber fyrir að vinstrimeirihlutinn í borginni hefur takmarkaðan tíma til starfa en ljóst er að næsta meirihluta bíður mikið verk svo fá megi Reykjavík til að virka.

Einar Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

1: Hið norræna velferðarsamfélag sem við þekkjum byggir á þríhliða samstarfi, ríkis, verkalýðsfélaga og atvinnurekanda. Mikilvæg forsenda þess er að traust ríki milli aðila sem ekki hefur alltaf verið raunin á Íslandi. Fulltrúar Framsóknar leggja áherslu á og hvetja til að ef á að formgera samstarf séu fulltrúar atvinnulífsins hafðir með í því samráði. Einnig fulltrúar lífeyrissjóða landsins. 2: Öllum er heimilt að óska eftir því að kaupa lóð af Reykjavík með það fyrir augum að koma þar upp hjólhýsabyggð. Það er hinsvegar ekki verkefni Reykjavíkurborgar að niðurgreiða búsetu einstaklinga í hjólhýsi eða koma upp sérstakri hjólhýsabyggð. Ekki er þá fyrirséð að fólk geti fært lögheimili sitt í hjólhýsi. 3: Kjarnasamfélög auka fjölbreytt val fólks til búsetu og geta verið skemmtileg viðbót við íbúðaflóru borgarinnar. Ekki er þó þörf á sérstöku tilraunaverkefni um kjarnasamfélag enda er heimilt að koma slíku á fót í dag sé óskað eftir úthlutun lóða til þess. 5: Oft hefur verið reynt að ganga í það að endurskipuleggja Mjóddina en það hefur aldrei gengið upp því ekki hefur verið haft samráð við verslunareigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Það er því mikilvægt að bjóða öllum hlutaðeigandi að borðinu við slíka endurskipulagningu, því annars er hætt við að þessi tilraun verði ekki mikið annað en nákvæmlega það; tilraun. Fulltrúar Framsóknar fagna því að breytingatillaga okkar hafi verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Aðalsteinn Haukur Sverrisson, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

7: Fulltrúar Framsóknar lögðu fram breytingatillögu þess efnis að gjaldskyldusvæði væri endurskoðað án þess að fjölga gjaldskyldum svæðum. Einnig lögðum við til að öll fækkun bílastæða verði stöðvuð þar til að Borgarlína hefur hafið akstur. Meirihlutinn var ekki tilbúinn til að samþykkja þá tillögu. 8: Framsókn styður tillögu um endurskoðun á reglum um íbúakort. Íbúar á gjaldskyldum svæðum hafa lengi horft til endurskoðunar á fjölda korta per íbúð en einnig leitað eftir lausnum, s.s. gestakorti fyrir þá sem koma í heimsóknir. Framsókn styður þau sjónarmið heilshugar og minnir á að



yfirgnæfandi meirihluti íbúa notar bílinn sem sinn aðal samgöngumáta. 9: Vinna við bættar ljósastýringar hefur verið í gangi hjá umhverfis- og skipulagsráði. Því er réttara að borgarstjórn samþykki að fela sviðinu að setja það í forgang að gera tillögur að endurbótum á ljósastýringum. Það vekur undrun að meirihlutinn greiði atkvæði gegn breytingatillögu okkar um að setja bættar ljósastýringar í forgang. 10: Mikilvægt er að tryggja starfsaðstæður en það vekur áhyggjur hvað þetta er óljóst. Það kemur ekki fram hvernig þetta verður útfært, t.d. hvort þetta verði gert í starfshóp. 11: Þessi hópur er þegar til og því óþarfi að setja hann á fót. Hópurinn var leiddur af fyrrverandi borgarstjóra frá því í október. Hópurinn hefur fundað að jafnaði 1-2 í mánuði og hefur þegar skilað fjármögnum og tímasettum tillögum um útboð á einingahúsum fyrir leikskóladeildir í þeim hverfum þar sem biðlisti eftir plássum er lengstur, auk forgangsröðun áforma um viðhaldsframkvæmdir á leikskólum sem hafa verið lokaðir vegna myglu.

Þorvaldur Daníelsson, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

13: Fögnum áhuga á eflingu skólabókasafna. Nú þegar er í grunnskólalíkaninu Snorra fjármagn til skólabókakaupa en svo virðist sem það sé nýtt í önnur verkefni. Mikilvægt er að skólastjórnendur hlúi að bókakosti og tryggi að það fjármagn sem líkanið gerir ráð fyrir til bókakaupa rati þangað. 14: Í ljósi fjárhagsstöðu borgarinnar er furðulegt að ný selalaug í Húsdýragarðinum sé forgangsverkefni nýs meirihluta. Einnig vakna upp spurningar um hvers vegna selir eru til sýnis í Húsdýragarðinum enda verða þeir seint taldir húsdýr. 16: Á borgarstjórnarfundi í janúar var aðgerðaráætlun gegn ofbeldi 2025-2028 sem unnið hefur verið að undanfarin misseri samþykkt í borgarstjórn. Það vekur því furðu að þessi tillaga sé lögð fram. Eðlilegra væri að nýta tíma og fjármagn borgarinnar til þess að ráðast í þær aðgerðir sem þar er kveðið á um. Þar sem aðgerðaáætlunin er svo nýlega samþykkt ættu samstarfsflokkarnir fimm að þekkja vel til hennar og geta nýtt hana sem vinnuþátt í stað þess að leggja ómælda vinnu á starfsfólk borgarinnar upp á nýtt. Það getur varla talist góð nýting á fjármunum og vinnutíma fólksins. 22: Hið norræna velferðarsamfélag sem við þekkjum byggir á þríhliða samstarfi, ríkis, verkalýðsfélaga og atvinnurekanda. Mikilvæg forsenda þess er að traust ríki milli aðila sem ekki hefur alltaf verið raunin á Íslandi. Fulltrúar Framsóknar leggja áherslu á og hvetja til að ef formgera á samstarf í forsætisnefnd, sem fjallar um atvinnumál, séu fulltrúar atvinnulífsins hafðir með í því samtali. Fulltrúar meirihlutans voru ekki tilbúnir til að formgera reglulegt samtali við bæði atvinnulífið og verkalýðshreyfinguna eins og Framsókn lagði til.

Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

19: Við fögnum því að innkaupastefna og innkaupareglur Reykjavíkurborgar verði endurskoðaðar en leggjum áherslu á að það verði gert með það fyrir augum að hagræða í innkaupum borgarinnar. Við verðum að tryggja að innkaup borgarinnar séu alltaf sem hagstæðust fyrir borgarbúa og farið sé vel með almannafé. Það vekur undrun að meirihlutinn sé á móti því að bæta við áherslu um hagræði við innkaup í tillöguna. 6: Gert er ráð fyrir því að markmiði hjólræðiáætlunarinnar 2021-2025 um lagningu á 50 km af hjólastígum muni nást og Framsókn fagnar þeim árangri. Ljóst þykir að



áframhald á stækkun á innviðum fyrir hjólreiðafólk er nauðsynlegt skref til að auka hlut umhverfisvænni samgöngumáta í borginni en ekki síður til að stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa. 12: Farsældarlögin og verkefnið betri borg fyrir börn byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Grundvöllur þess er að við höfum ávallt að skipa færustu sérfræðinga sem þörf er á. Að þessu hefur verið unnið og mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið áfram. 23: Tökum undir mikilvægi þess að fá hugmyndir um sparnaðartillögur frá starfsfólki en það er hægt að gera það með ódýrari hætti en ráðast í rökræðukönnun og hakaþon. 25: Á þessu kjörtímabili hefur samstarf á milli borgarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis tekið stakkaskiptum. Rétt fyrir jóla var undirritað samkomulag um starfrænu lausnina Veitu. Mikilvægt er að huga að net- og gagnaöryggi í borgarkerfinu.

Borgarfulltrúi Viðreisnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Viðreisnar óska nýjum meirihluta til hamingju með samstarfssáttmálann. Er þar marga góða kosti að finna en þykir fulltrúum Viðreisnar rétt að komi fram eftirfarandi athugasemdir. Við þekkjum að þegar félagslegt húsnæði er ekki blandað öðru húsnæði getur það aukið verulega á félagslega einangrun þeirra sem hafa þörf fyrir slíkar íbúðir. Aðstaða fyrir hjólabúa vekur óhug er þetta verkefni sem ætti í raun heldur heima hjá svæðisskipulagsnefnd enda er það ekki verkefni sem er bundið við Reykjavík. Þarf að horfa til þeirrar ábyrgðar sem slíkum verkefnum fylgir, hvort sem er rekstarleg, velferðaleg eða félagsleg. Viðreisn styður hugmyndir um fjölbreytt framboð á húsnæðismarkaði en teljum að þar sé skýrt verkefni Reykjavíkur og skýrt hvernig slík heimili falla að þeim lögum sem við störfum samkvæmt í dag en margt í okkar þjónustukerfum er bundið við heimilisfang, svo sem skólar, heilbrigðisþjónusta og fleira. Fögnum við þeim áherslum sem snúa að bættum rekstri, lóðabraski, keðjuábyrgð og leit að hugmyndum að sparnaðartillögum og bíðum spennt eftir að sjá hvernig þessar hugmyndir þróast.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



Reykjavík, 28. mars 2025

MSS25030128

ERINDISBRÉF

Starfshópur um kortlagningu á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

Ábyrgðarmaður: Anna Kristinsdóttir

Inngangur:

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2025 að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Í framhaldi skal ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verður heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skal horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áhersla skal lögð á að fagfólk fari fyrir inn í aðstæður og veiti stuðning strax. Horfa skal til verklags „Saman gegn ofbeldi“.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.
- Fara yfir aðgerðaráætlanir í forvörnum og gegn ofbeldi og gæta þess að aðgerðir skili sér inn í greinargerð. Fram komi ef vinna við þær er ekki hafin en standi til (tímasetningar).
- Skoða og tilgreina þá stefnumótun borgarinnar sem snýr að aðgerðum gegn ofbeldi og tengist börnum og ungmennum.
- Taka saman í greinargerð allar þær aðgerðir/verkefni sem snúa að ofbeldisvörnum hjá Reykjavíkurborg og hafa sérstakan kafla um aðgerðir/verkefni sem snúa að börnum og ungmennum.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, Mannréttinda- og Lýðræðisskrifstofu, - formaður
Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar – Velferðarsviði
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Vesturmiðstöð – Velferðarsviði
Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri Norðurmiðstöð – Velferðarsviði
Ragnar Harðarson, verkefnastjóri Austurmiðstöð – Velferðarsviði
Jóhannes Guðlaugsson, verkefnastjóri Suðurmiðstöð – Velferðarsviði
Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir – barnavernd Reykjavíkur

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðrún Elsa Tryggvadóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:



Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skilar ábyrgðarmanni kortlagningu á aðgerðum fyrir lok 15. maí 2025.

Anna Kristinsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnslá

Verkefni tengd forvörnum

Starfshópnum var falið að kortleggja verkefni sem snúa að ofbeldisvörnum og viðbrögðum ef ofbeldi á sér stað. Verkefnið fól ekki í sér að taka saman hin ýmsu forvarnarverkefni sem borgin stendur að. Engu síður ákvað hópurinn að lista upp þau forvarnarverkefni sem rak á fjörur hans í hinni vinnunni. Þessi samantekt er því ekki tæmandi en nýtist vonandi samt sem áður þegar næstu skref eru tekin, þ.e. skref sem snúa að því að setja fram tillögur að úrbótum í tengslum við ofbeldisvarnir og forvarnir meðal barna og ungmenna.

Stefnumótun sem leggur áherslu á forvarnir

Menntastefna Reykjavíkur

Menntastefnan „leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun“. Farsæld og inngilding eru lykilþættir í menntastefnu Reykjavíkurborgar og einn af þremur megináherslum þessarar aðgerðaráætlunar. Markmiðið er að tryggja öllum börnum og ungmennum jöfn tækifæri til menntunar og velferðar, óháð bakgrunni eða aðstæðum, í samræmi við meginmarkmið menntastefnunnar um að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. [Stefnuna má lesa hér.](#)

Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík.

Leiðarljós Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. [Stefnuna má lesa hér.](#)

Stefna um fjölmennigarlegt skóla- og frístundastarf

Leiðarljós skóla- og frístundasviðs er að öll börn og ungmenni nái árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og verði skapað tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. [Stefnuna má lesa hér.](#)

auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa. [Stefnuna má lesa hér.](#)

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Í Reykjavík er veitt velferðarþjónusta sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll. Áherlsa er lögð á forvarnir, menningarnæmi og mannréttindi borgarbúa. [Stefnuna má lesa hér.](#)

Aðgerðaráætlanir

Aðgerðaáætlun velferðarstefnu 2021-2025

Aðgerðaáætlunin er mótuð út frá framtíðarsýn, hlutverki, stefnumarkandi áherslum og forgangsáherslum í nýrri velferðarstefnu. Aðgerðirnar byggjast þannig á sterkum grunni víðtæks samráðs við fjölmarga aðila sem fram fór í vinnu við gerð velferðarstefnunnar. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Miðlæg verkefni

Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og stuðning til að ná besta mögulega árangri. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Forvarnateymi framhaldsskólanna

Samráð fulltrúa framhaldsskólanna, lögreglu, Hins Hússins, verkefnastjóra forvarna og málstjóra farsældar 16 ára og eldri á Norðurmiðstöðvar. Tilgangur er að auka samstarfið á milli framhaldsskólanna í hverfinu, stytta boðleiðir og taka fyrir þá málefni sem upp koma.

forvarnaráætlun barna og ungmenna

Forvarnaáætlun er á ábyrgð forvarnarteymis Reykjavíkurborgar og unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, menningar- og íþróttasvið, umhverfis- og skipulagssvið, velferðasvið, miðstöðvar og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tekið er mið af áherslum verkefnisins Betri borg fyrir börn þar sem horft er heildstætt á líf þeirra með mikilvægan stuðning eins og birtist í forvarnarstarfi.

Memm

MEMM er þróunarverkefni sem miðar að því að styðja við menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku skóla- og frístundastarfi. Frekari upplýsingar má finna hér. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Hinsegin félagsmiðstöðin

Hinsegin félagsmiðstöðin er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Samtakanna 78 og er starfrækt af Tjörninni, frístundamiðstöð. Markhópurinn er börn og unglingar í 8.-10. bekk í allri Reykjavík. Reglulega er boðið upp á hópastarf fyrir börn í 5. – 7. bekk og er það þá auglýst sérstaklega. Hinsegin félagsmiðstöðin er í góðu samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar og í borginni allri.

Regnbogavottun

Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustupega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og þá er sjónum sérstaklega beint að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Á Forvarnardaginn ræða nemendur um nýjustu niðurstöður rannsókna á þeirra aldurshóp og hugmyndir sínar um samveru, íþrótt- og tómstundastarf og því að leyfa heilanum að þroskast og hvaða áhrif þessir verndandi þættir hafa á líf þeirra. Þau vinna í hópavinnu og skrá hugmyndir sínar; síðan er svörum safnað saman til að finna samnefnara í umræðum þeirra. Þá gefst þeim kostur á að taka þátt í leik þar sem þau vinna með þá þætti sem dregið geta úr áhættuhegðun. Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum síðar á árinu. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Kærleiksorðræða, búum til ný íslensk orð!

Kærleiksorðræða er verkefni á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur sem leggur áherslu á upplifun, tilfinningalæsi og eignarhald á tungumálinu. Öll þau sem koma að verkefninu eru hvött til að búa til ný íslensk orð. Eins og titill verkefnisins ber með sér er lögð áhersla á leik að orðum. Öllum nýju orðunum er safnað saman í nýstárlega orðabók sem er geymd á Borgarbókasafninu. Auk þess sköpum við vettvang til að ræða það sem er okkur kært – upplifun okkar af samskiptum.

Málstefnur

Verkefnastjórar í íslensku sem annað tungumál vinna hörðum höndum við að innleiða málstefnur í samvinnu við starfsstaði í skóla- og frístundastarfi. Málstefna er einn liður í inngildingunni. Verkefnastjórnir hafa boðið upp á fræðslu fyrir kennara og starfsfólk og unnið með nemendahópum. Einnig hafa þeir sett upp efni á heimasíðu MML þar sem stjórnendur og kennarar fá leiðbeiningar í að setja málstefnu með starfsfólki og börnum. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Íþróttir fyrir öll

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. [Sjá upplýsingar hér.](#)

Atvinnutengt nám fyrir nemendur í 8.- 10. bekk

Atvinnutengt nám er fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla í Reykjavík sem, vegna sértækra örðuleika annarra en fötlunar, glíma við verulegar áskoranir í námi eða mikla vanlíðan í skóla. Verkefninu er ætlað að bæta líðan nemenda og gefa þeim tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr. Námið fer fram á vinnustöðum sem eru valdir út frá áhugasviði nemenda. Ákveðið er í hverjum grunnskóla hvaða nemendur gætu haft ávinning af þátttöku í atvinnutengdu námi. Verkefnið er nýtt sérstaklega til þess að taka ungmenni úr aðstæðum og tengja nám þess við atvinnumarkaðinn.

Lengdur opnunartími sundlauga

Opnunartími sundlauga um helgar var styturárið 2024 til að mæta kröfu um hagræðingu. Nú hafa nýju samstarfsflokkarnir í meirihlutanum ákveðið að lengja opnunartímann á ný sumarið 2025 með áherslu á félagsauð og forvarnir í þágu ungmenna. Menningar- og íþróttaráði er falið að útfæra tillöguna, sú vinna er hafin og verður kynnt á allra næstu vikum.

Nágrannavarsla

Haldnir eru opnir fundir með götustjórum og lögreglu tvisvar á ári þar sem tölfraði frá lögreglu sem varða öryggi í hverfinu og nágrannavarsla er rædd. Unnið er að því að fjölga götum í nágrannavörslu en

nú eru 26 götur skráðar virkar í henni. Er þetta gert á forsendum íbúa sem óska eftir því að verða hluti af verkefninu. Líklega í öllum hverfum, best að færa í forvarnir.

Verkefni á vegum miðstöðva í hverfum borgarinnar

Forvarnir í umsjón Austurmiðstöðvar

- Fræðsla varðandi verndandi þætti fyrir foreldra 1, 5, og 7. bekk grunnskóla. Samvinnu verkefni skóla og Austurmiðstöðvar
- Hringekjan – Samvinnuverkefni Austurmiðstöðvar, grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Unnið er með samskipti, gildi, samkennd, virðingu, mörk, traust, sjálfsmynd og fleiri þætti sem snúa að hópnum sem verið er að vinna með í það og það skipti. Einnig er unnið með foreldrum á meðan vinnan er í gangi þar sem lögð er áhersla á samvinnu foreldra.
- Sértek foreldrasamvinna, forvarnir með áherslu á valdeflingu og samvinnu foreldra.
- Sértek bekkjar-/árgangavinna með áherslu á samskipti.
- Sértek fræðsla og ofbeldisvarnir í árgöngum grunnskóla

Einnig eru önnur námskeið í boði:

- Peers
- Klókir krakkar
- PMTO
- FHAM

Frístundir í Austur (frístundir í Breiðholti)

Markmið verkefnis að auka þátttökuhlutfall í íþrótt- og frístundastarfi í hverfum Austurmiðstöðvar. Að auka nýtingu frístundakortsins í hverfinu og auðvelda samfélagslega þátttöku og félagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi.

Foreldraþorpið í Norðurmiðstöð

Foreldraþorpið var stofnað í janúar árið 2018 af foreldrum í hverfi Háaleitis, Bústaða og Laugardals. Félagar eru stjórnir, varastjórnir foreldrafélaga grunnskóla ásamt fulltrúum foreldra í skólaráðum. Markmið félagsins er að vera samráðsvettvangur foreldrafélaganna og efla samstöðu foreldra í hverfinu. Félaginu er ætlað að koma sjónarmiðum foreldra um skólamál og forvarna á framfæri sem og að búa til skemmtilegt samfélag fróðra foreldra. Heimili Foreldraþorpsins er staðsett á Norðurmiðstöð, Efstaleiti og fundur er einu sinni í mánuði. Foreldraþorpið er með foreldrarölt í öllum hverfum innan Norðurmiðstöðvar og einnig aukalega þegar það eru skemmtanir í skólum og félagsmiðstöðvum.

Forvarnaverkefni á leikskólastig og 1-4. bekk í grunnskólum í Norðurmiðstöð og frístundaheimilum.

Forvarnaverkefni gegn einelti og er verkefni í félagsfærni og unnið í samstarfi við Barnaheill. Markmið vináttu eru: Skapa menningu þar sem öll börn tilheyra hópnum óháð útliti, skoðunum, styrkleikum eða veikleikum þeirra. Efla félagsanda sem byggir á virðingu, fjölbreytileika, hugrekki og umhyggju. Að gildi Vináttu verði hluti af öllu skólastarfi og samfélaginu öllu. Starfsfólk skóla og foreldrar séu

alltaf góðar fyrirmyndir barna sinna og hafi jákvæð áhrif á félagsanda barnanna. Helsta markmiðið er að skapa umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.

Einnig eru fleiri verkefni sem vinna gegn ofbeldi þvert á Reykjavíkurborg sem kennarar hafa aðgang að og til er verkfærakista. [Sjá upplýsingar hér.](#)

